


Lögmannablaðið



8. árgangur
Desember
4/2002

- Málskostnaðarákvarðanir og þóknun lögmannna
- Húsleitarheimildir
- Upplýsingaréttur þingmanna
- Endurmenntun og símenntun lögmannna
- Jólafundur LMFÍ, DÍ og LÍ





SPARAÐU TÍMA

MEÐ AÐGANGI AÐ HÆSTARÉTTARDÓMUM OG LAGASAFNI

HÆSTARÉTTARDÓMAR

Lánstraust hf. hefur skráð á tölvutækt form alla hæstaréttardóma frá 1958 og eru þeir aðgengilegir á www.lt.is.

Hæstaréttardómunum fylgja einnig þeir héraðsdómar sem áfrýjað var.

Öflug leitarvél er tengd dómasafninu og er mögulegt er að leita eftir ýmsum leitarskilyrðum í senn.

Einnig er hægt að finna alla dóma sem t.d. varða tiltekna lagagrein eða reglugerð.

LAGASAFN

Lagasafnið er gefið út á geisladiski tvisvar á ári og er það uppfært í samræmi við breytingar á löggjöf.

Allar nánari upplýsingar, adgangur@lt.is eða 550-9600.

L Á N S T R A U S T H F.

Lögmannablaðið

LÖGMANNAFÉLAG ÍSLANDS:

Álftamýri 9, 108 Reykjavík

Sími (tel.): 568-5620

Bréfsími (fax): 568-70567

Tölvupóstur: (E-mail):

lmfi@lmfi.is

Heimasíða: www.lmfi.is

STJÓRN LMFÍ

Gunnar Jónsson hrl.,

formaður

Helgi Jóhannesson hrl.,

varaformaður

Jóhannes Karl Sveinsson hrl.,
gjaldkeri

Lára V. Júlíusdóttir hrl.,

ritari

Aðalsteinn E. Jónasson hrl.,
meðstjórnandi

STARFSFÓLK LMFÍ:

Ingimar Ingason

framkvæmdastjóri

Eyrún Ingadóttir

félagsdeild

Guðný Gísladóttir

ritari

Blaðið er sent öllum
félagsmönnum.

Ársáskrift

fyrir utanfélagsmenn

kr. 1.500 + vsk.

Verð pr. tölublað

kr. 300 + vsk.

ISSN 1670-2689

NETFANG RITSTJÓRNAR:

ritstjori@lmfi.is

PRENTVINNSLA:

Gutenberg

UMSJÓN AUGLÝSINGA:

Óflun ehf.,

sími 533 4440

4 ÞÓRÐUR BOGASON:

Frá ritstjórn

6

Jólafundur LMFÍ, DÍ og LÍ

8

Skotarnir lagðir að velli! – Heimsmeistaramót LMFÍ í knattspyrnu 2002

10

Morgunverðarfundur LMFÍ og LÍ – Húsleitarheimildir hins opinbera

13

Bréf til LMFÍ frá forseta Hæstaréttar

13

Tilmæli frá Hæstarétti Íslands

14

GUNNAR JÓNSSON:

Pistill formanns

16

Nýjar viðmiðunarreglur fyrir héraðsdómstólana

18

ÞÓRUNN GUDMUNDSDÓTTIR:

Málskostnaðarákvarðanir og málskostnaðarkröfur í munnlega fluttum málum

21

Tveir úrskurðir úrskurðarnefndar

23

Af Merði lögmanni

24

Golfmót lögmannna sumarið 2002

26

EYRÚN INGADÓTTIR:

Menntun er æviverk

27

MARGRÉT VALA KRISTJÁNSDÓTTIR:

Kynferðislegt ofbeldi gegn börnum og réttarkerfið

28

ÁGÚST GEIR ÁGÚSTSSON:

Upplýsingaréttur þingmanna

30

EYRÚN INGADÓTTIR:

Fréttir frá félagsdeild



Forsíðumynd: SIGRÚN V. MAGNÚSDÓTTIR

Ritstjóri og ábyrgðarmaður: Þórður Bogason hdl.

Ritnefnd: Berglind Svavarsdóttir hdl., Bjarki H. Diego hrl.

Björn L. Bergsson hrl., Guðrún Björg Birgisdóttir hdl.,

Ragnar H. Hall hrl.



FRÁ RITSTJÓRN

HVER ER munurinn á lögmanni og trampólíni? Svar: Þú ferð úr skónum þegar þú hoppar á trampólíninu! Þetta er einn af þúsundum brandara sem sagðir eru um lögmenn út um veröld víða. Lögmenn verða að sjálfsögðu að hafa í huga að lykillinn að lífshamingjunni er að koma öðrum til að hlæja og ef þetta er leiðin – þá það. Þeir gera heiminn betri. En það er ekki bara með lögmennabróndurum sem lögmenn gera heiminn betri. Störf lögmanna eru mikilvægur hlekkur réttarríkisins og aðgangur hins almenna borgara að þjónustu þeirra verður að vera greiður. Undirritaður hefur haldið því fram að sérhver fjölskylda ætti að eiga sér heimilislögmenn eins og hún á sér, vonandi, heimilislækni. Kostnaður hlýst af störfum beggja, en lögmenn eru sjaldnast í þeirri stöðu að kostnaður af almennri lögfræðiaðstoð þeirra, t.d. aðstoð við fasteignakaup, sé niðurgreiddur af hinu opinbera. Alltof margir spara sér þann kostnað sem hlýst af aðstoð lögmanns við gerð kaupsamninga um fasteign, sem þó eru í flestum tilvikum stærstu viðskiptasamningar sem einstaklingar gera á sinni ævi. Þótt fasteignasali hafi milligöngu um fasteignaviðskipti er það sjálfsögð og eðlileg regla að hvor samningsaðili um sig njóti aðstoðar síns lögmanns við samningsgerðina. Hvorki lög um fasteignakaup né um störf fasteignasala munu geta haft þau áhrif að slík hagsmunagæsla verði óþörf. En allt kostar þetta sitt og vafasamt er að almenningur geri sér grein fyrir því, eða leiði hugann yfirhöfuð að því, hvað felst í vinnu lögmanna og í hverju kostnaðurinn af störfum þeirra er fólgin.

Í þessu blaði er kostnaður og þóknun lögmanna gerð að sérstöku umfjöllunarefni. Þórunn Guðmundsdóttir hrl. fjallar um málkostnaðarákvarðanir dómstóla og málskostnaðarkröfur í munnlega fluttum málum. Þá er að finna í blaðinu umfjöllun um úrskurði úrskurðarnefndar lögmanna um skyldu til reikningsútgáfu og þóknun umfram tildæmdan

málskostnað í gjafsóknarmáli. Allt er þetta efni sem varðar alla starfandi lögmenn og þeir ættu því að kynna sér.

Það er mikilvægt að dómstólar þekki störf og starfshætti lögmanna vel og gæti þess að við ákvörðun málsvarnarlauna og þóknunar verjenda sé litið til raunkostnaðar þeirra. Í blaðinu er að finna nýjar viðmiðunarreglur frá dómstólaráði til héraðsdómstóla vegna þóknunar fyrir verjenda- og réttargæslustörf og bréf frá forseta Hæstaréttar um málskostnaðarákvarðanir réttarins.

Í niðurlagi bréfs síns bendir Guðrún Erlendsdóttir, forseti Hæstaréttar, á eftirfarandi: „Það er mjög til bóta við ákvörðun um málskostnað að fyrir liggi vönduð og trúverðug tímaskýrsla, og mun Hæstiréttur líta til slíkra gagna, þegar ákvörðun er tekin.“ Í niðurlagi sinnar greinar bendir Þórunn Guðmundsdóttir hrl. á eftirfarandi: „Forsenda þess að dómarnir fari að rökstyðja málskostnaðarákvarðanir sínar betur er að við lögmenn tökum okkur á og rökstyðjum málskostnaðarkröfur skjólstaðinga okkar með framlagningu málskostnaðarreikninga og umfjöllun um þá í málflutningi.“ Þannig virðast sjónarmið fyrrum formanns LMFÍ og forseta Hæstaréttar falla saman og undir þau tekur Lögmannablaðið en minnir á að stundum kann að vera eðlilegt að eftirláta dómstólum að meta málskostnað.

Rekstarkostnaður lögmennsstofu er mikill. Eins og hjá öðrum fyrirtækjum verða endar í rekstri lögmennsins að ná saman. Skilningur dómstóla á þessu fer vaxandi enda hefur Lögmannafélagið unnið markvisst að því að upplýsa þá um kostnaðarþætti sem fylgja slíkum rekstri.

Lögmannablaðið óskar lögmönnum og starfsmönnum á lögmennsstofum og fjölskyldum þeirra, sem og landsmönnum öllum, gleðilegra jóla og farsældar á komandi ári.

Þórður Bogason ritstjóri

Ókeypis
aðgangur
til reynslu!



Er Evrópuréttur þinn réttur?

Sparaðu dýrmætan tíma við heimildaleit

Íslenskir lögfræðingar, lögmenn og dómáramur þurfa í sívaxandi mæli að kunna skil á réttarheimildum Evrópuréttarins. Þá skiptir sköpum að geta fundið hratt og örugglega þær gerðir, dóma og aðrar réttarheimildir sem á þarf að halda.

Spurn sf. býður, í samvinnu við breska fyrirtækið Context Ltd., greiðan aðgang að stærstu rafrænu gagnagrunnum um samninga og sáttmála, lög, reglugerðir og dóma á sviði Evrópuréttarins - einnig á sviði EES-samningsins. Hugbúnaður og tækni Context tryggir notendum auðveldan og öruggan aðgang að þessum gagnagrunnum:

Justis

Celex	Lagagagnagrunnur ESB
Official Journal C Series	Stjórnartíðindi ESB
ECJ Proceedings	Málayfirlit Evrópudómstólsins
Common Market Law Reports	Dómar evrópskra dómstóla um Evrópurétt
Human Rights	Mannréttindasáttmáli og -dómstóll Evrópu
Tenders	Upplýsingar um útboð á EES-svæðinu


Nánari upplýsingar og áskrift:

Spurn sf

Sími 824 6122 - spurn@spurn.is - www.spurn.is



Jólafundur LMFÍ, DÍ og LÍ



Gunnar Jónsson formaður LMFÍ og Ingibjörg Sólrún Gísladóttir borgarsjóri.

Gestir jólafundar.



Gestir við eftirréttahlaðborðið.



Helgi I. Jónsson héraðsdómari bauð gesti velkomna.

Þann 12. desember sl. var jólafundur Lögmannafélags Íslands, Dómarafélags Íslands og Lögfræðingafélags Íslands haldinn í Víkingasal Hótel Loftleiða. Um 130 manns nutu góðra veitinga og hlustuðu á ræðumann dagsins, Ingibjörgu Sólrúnu Gísladóttur borgarsjóra, ávarpa fundargesti. Í erindi sínu kom Ingibjörg m.a. inn á þýðingu borgríkis í samfélaginu sem er mun eldra form en þjóðríkið. Breyttar áherslur í alþjóðasamfélaginu, t.d. í Evrópusambandinu, geri að verkum að borgríkið sé að eflast og taldi Ingibjörg það vanmetið afl í okkar samfélagi. Ingibjörg ræddi einnig um nauðsyn þess að sérfræðingar tækju virkari þátt í þjóðmálaumræðunni, ásamt stjórnáráðgjöf, til þess að almenningur fengi sem bestar upplýsingar.



Ræðumaður dagsins, Ingibjörg Sólrún Gísladóttir.

Breytingar á félagatali

Allar breytingar um ný símanúmer, vefföng, aðsetur og fleira er uppfært á heimasíðu félagsins, www.lmfi.is

Ný málflutningsréttindi fyrir Hæstarétti Íslands.

Ólafur Finnbogi Haraldsson hrl.

Ný málflutningsréttindi fyrir Héraðsdómi.

Birgir Birgisson hdl.

Logos lögmannsþjónusta
Efstaleiti 5
103 Reykjavík
S: 540-0300
Fax: 540-0301

Sveinbjörg Birna Sveinbjörnsdóttir hdl.

Lögvit – lögmannsstofa ehf.
Stórhöfða 23
110 Reykjavík
S: 580-3450
Fax: 580-3451

Páll Jóhannesson hdl.

Lögvit – lögmannsstofa ehf.
Stórhöfða 23
110 Reykjavík
S: 580-3450
Fax: 580-3451

Sigurður Örn Guðleifsson hdl.

Umhverfisstofnun
Ármúla 1a
108 Reykjavík
S: 585-1000
Fax: 525-1010

Endurútgefin málflutningsréttindi fyrir Héraðsdómi.

Brynhildur Flovens hdl.

Klapparstíg 25-27
101 Reykjavík
S: 552-3826
Fax: 562-0822

Guðrún Margrét Eysteinsdóttir hdl.

Lagaþing sf.
Túngötu 14
S: 511-5101
Fax: 511-5102

Pórarinn V. Pórarinsson hdl.

AM Praxis
Sigtúni 42
105 Reykjavík
S: 533-3333
Fax: 533-2333

Nýr vinnustaður:

Anna Guðný Júlíusdóttir hdl.

Lögmenn Akureyri ehf.
Hafnarstræti 88
600 Akureyri
S: 462-7400
Fax: 462-7401

Hildur K. Friðleifsdóttir

Búnaðarbanki Íslands hf.
Austurstræti 5
155 Reykjavík
S: 525-6320
Fax: 525-6329

Ingibjörg Elíasdóttir hdl.

Lögmenn Akureyri ehf.
Hafnarstræti 88
600 Akureyri
S: 462-7400
Fax: 462-7401

Ragnar Aðalsteinsson hrl.
Ragnar Aðalsteinsson og Sigríður Rut Júlíusdóttir –
Lögmenn ehf.
Klapparstíg 25-27
S: 511-1206
Fax: 511-1207

Sigríður Rut Júlíusdóttir hdl.
Ragnar Aðalsteinsson og Sigríður Rut Júlíusdóttir –
Lögmenn ehf.
Klapparstíg 25-27
S: 511-1206
Fax: 511-1207

Sturla Friðriksson hdl.
Landsbanki Íslands, lögfræðideild
Laugavegi 77
155 Reykjavík
S: 560-6830
Fax: 562-3908

Nýtt aðsetur:

Smári Hilmarsson hdl.

Legis ehf.
Súðarvogi 3
104 Reykjavík
S: 530-8200
Fax: 530-8201

Leiðrétting

Í síðasta tölublaði Lögmannsblaðsins var ranglega farið með heimilisfang Reinholds Kristjánssonar hrl. Rétt heimilisfang er Suðurlandsbraut 48, 108 Reykjavík. Við biðjumst velvirðingar á þessum mistökum.

Skotarnir lagðir að velli!

Heimsmeistaramót LMFÍ í knattspyrnu utanhúss 2002

FÖSTUDAGINN 11. október fór fram hið árlega heimsmeistaramót LMFÍ (HMLMFÍ) í utanhússknattspyrnu. Mótið var haldið að vanda á gervi-grasinu í Laugardal, í eka sunnlenskum kalda með smáskúrum inn á milli.

Þetta er 8. árið sem mótið fer fram en að þessu sinni brettu lögmenn – og konur – upp á sokkana og voru sex lið skráð til leiks. Þar með er búið að jafna metið frá árinu 1995 en þá tók þátt eitt lið dómara sem ekki hefur sést síðan. Er þátttaka þeirra því talin fallin niður fyrir desvetuto.

Mótið sjálf var hið fjögugasta og bar mikið á föngulegu liði Íslenzks Fótboltafjelags m.l., en innan vébanda þess liðs voru m.a. nokkrar valinkunnar valkyrjur sem gáfu lögkarlmönnum ekkert eftir á vígvelli knattspyrnunnar frekar en dómsalanna. Gömul gildi eins og GrínaraMörkin og Reynsla og Léttleiki mættu sem fyrr til leiks. Logos FC, með Othar Örn í broddi fylkingar, mættu endurnærðir til leiks eftir hvíld og ný og spræk lið, eins og stuttbuxnadrengirnir í FC Bankó og galvaskir leikmenn LA Law, komu sterk inn.



Glaðbeittir skoskir lögmenn.

Þegar spurt var að leikslokum kom í ljós að hinir gamalreyndu leikmenn GrínaraMarkarinnar stóðu uppi sem sigurvegarar þriðja árið í röð og í fimmta skipti alls. Vannst bikarinn þar með til eignar. Gunnar Jónsson, formaður LMFÍ, hefur lofað að gefa nýjan bikar til keppinnar fyrir næsta ár, Gunnarsbikarinn svokallaða.

Einnig mætti til leiks eitt lið frá Skotlandi en þar var á ferð hópur skoskra lögmanna sem komu til landsins til að fylgjast með landsleik Íslands og Skotlands. Var ákveðið að hinir skosku lögmenn fengu að spreyta sig gegn sigurvegurum mótsins.

Mikið var lagt undir því það lið sem sigraði öðlaðist nafnbótina:

„Bestu bjórdrykkjumenn Íslands og Skotlands.“

Að lokum fór svo fram leikur á milli GrínaraMarkar-

Heimsmeistarar LMFÍ, GrínaraMörkin, ásamt skosku lögmönnum.

innar og landsliðs skoskra lögmanna og endaði leikurinn með sigri landans 3-1. Það verður að virða Skotunum til vorkunnar að nokkrir þeirra léku í pilsum og eitthvað höfðu þeir kannað miðborgarmenningu Reykjavíkur fyrr um daginn. Það háði sumum en alls ekkert öðrum!

Mótið tókst í alla staði vel og er skemmtilegt til þess að vita að áhugi lögkvenna og karla á sparkmennt er að aukast. Hátt í 70 manns voru á svæðinu sem tilheyrðu liðunum sex.

Íþróttafréttaritari.



Leikmenn Íslenzks fótboltafélags.

Endanleg niðurstaða mótsins varð þessi:

Röð: Lið:	U	J	T	Mörk	Stig
1. GrínaraMörkin	5	0	0	14:3	15
2. Reynsla og Léttleiki	4	0	1	16:3	12
3. FC Bankó	3	0	2	10:9	9
4. LA Law	2	0	3	7:11	6
5. Logos FC	1	0	4	6:12	3
6. Íslenzkt Fótboltafélag m.l.	0	0	5	8:23	0

X THE DOCUMENT COMPANY
XEROX

Margar aðgerðir.....

eitt tæki

Allt frá því XEROX fann upp ljósritunarvélina árið 1959, hefur XEROX verið í farabroddi hvað varðar nýjungar á sviði skjalavinnslu.

XEROX WorkCentre Pro 412 er sannkallað margmiðlunartæki þar sem á einum stað er í boði stafræn ljósritun, prentun, litaskönnun og fax.

Með XEROX WorkCentre Pro 412 fylgir einnig hugbúnaður til að flokka og vista skjöl og minnka þannig pappírslæðið á skrifstofunni.

Gerðu eins og fagmennirnir, veldu XEROX.

Ljósritar og prentar
beggja vegna sjálfkrafa



- Ljósritunarvél, prentari, fax og litaskanni
- Prenthraði 12 bls á minútu
- Prentar beggja vegna sjálfkrafa (duplex)
- 30 bls frumritamari
- 1200 x 1200 pt. Laserprentun
- 550 bls. pappírskúffa og 50 bls. bypass
- 4800 ptt litaskönnun
- PaperPort skjalavistunarahugbúnaður
- TextBridge Pro OCR hugbúnaður
- ControlCentre prentstýribúnaður
- USB prenttengi
- Ethernet (aukubúnaður)

OPTIMA

Ármúli 8 - 108 Reykjavík
Sími 588 9000 Fax 568 1595

Húsleitarheimildir hins opinbera

Þann 19. nóvember sl. stóðu Lögmannafélag Íslands og Lögfræðingafélag Íslands fyrir morgunverðarfundum um húsleitarheimildir hins opinbera. Tilfni fundarins voru þær umræður sem hafa skapast síðustu mánuði vegna húsleita hjá fyrirtækjum og einstaklingum við rannsókn á meintum lögbrotum og um framkvæmd slíkra brota. Framsögumenn á fundinum voru Eiríkur Tómasson, prófessor við lagadeild Háskóla Íslands og Gunnar Sturluson hrl., á Logos.

Í FRAMSÖGU sinni fjallaði Eiríkur um helstu lagaheimildir að baki húsleit, einkum ákvæði laga nr. 19/1991 um meðferð opinberra mála. Benti Eiríkur á að markmið húsleitar væri að hafa uppi á sakborningi og handtaka, rannsaka ummerki brots og hafa uppi á munum til að leggja hald á, t.d. ef þeir hafa sönnunargildi í opinberu máli. Af fyrirmælum stjórnarskrár og meðalhófsreglunni mætti draga þá ályktun að ekki eigi að grípa til húsleitar nema bryna nauðsyn beri til og önnur úrræði til að ná sama markmiði væru ekki tiltæk. Eiríkur vitnaði í dóm Hæstaréttar frá 1. mars 2001 þar sem manni voru dæmdar bætur fyrir húsleit þrátt fyrir að samþykki hans hafi legið fyrir.

Samanburður á úrskurðum um húsleit og gæsluvarðhaldsvist

Eiríkur gerði að umtalsefni þann mismun sem er á úrskurðum um húsleitir annars vegar og um gæsluvarðhald hins vegar. Efni gæsluvarðhaldsúr-

skurða væri þannig upp byggt að fyrst kemur formáli/niðurlag, svo kröfugerð sóknaraðila og rök fyrir henni. Að því loknu kemur afstaða varnaraðila og rök fyrir andmælum, svo málsatvik og að endingu rökstudd niðurstaða dómara og úrskurðarorð. Þessari uppsetningu væri sjaldnast til að dreifa í húsleitarúrskurðum, sem að hluta mætti skýra með því að sá sem úrskurður beindist gegn væri sjaldnast til staðar og takmörkuð gögn þar sem rannsókn væri oftast á frumstigi. Þessi staða kalli hins vegar á að dómari hugi sérstaklega að varnarástæðum sakbornings enda miklir hagsmunir í húfi. Því miður væru húsleitarúrskurðir oft stuttaralegir og taldi Eiríkur að oft skorti á að

Eiríkur Tómasson prófessor.



dómarar tækju afstöðu með lögbundunum hætti. Raunar væri það æskilegt og skylt að úrskurðir dómara um húsleit bæru með sér að þeir hefðu tekið sjálfstæða afstöðu til beiðni um slíka aðgerð. Dómari yrði að gefa sér tíma til að rökstyðja húsleitarúrskurð og mikill munur kæmi fram á rökstuðningi dómara í úrskurðum um gæsluvarðhald eða til húsleitar. Þá benti Eiríkur á að húsleitarúrskurðir væru ekki aðgengilegir og yfirleitt ekki birtir á netinu. Úr því þyrfti að bæta enda mikilvægt að réttarframkvæmdin væri sýnileg.

Um afleiðingar þess að mistök ættu sér stað við veitingu húsleitarheimildar benti Eiríkur á að þær væru ekki ýkja miklar. Ekki væri t.d. litið framhjá sönnunargögnum sem aflað væri í ólögumatri húsleit, eins og er t.d. í Bandaríkjunum, heldur væri einungis lagaheimild fyrir sektum eða skaðabótum.

Húsleitarheimildir samkeppnisyrivalda.

Gunnar Sturluson hrl., gerði að umtalsefni húsleitir sem samkeppnisyrivöld framkvæmdu og þá þætti sem helst bæri að varast. Til dæmis þyrfti að gera greinarmun á húsleit annars vegar og haldlagningu hins vegar en haldlagning takmarkaðist við gögn sem telja mætti til sakargagna í máli og yfirvöld hefðu ekki opna heimild til að taka hvaða gögn sem er. Reyndar væru áhöld um það hversu víðtækar heimildir væru til að nota gögn sem aflað væri við húsleit til að hefja aðgerðir í öðru máli. Húsleit ætti að vera neyðarúrræði og samkeppnisyrivöld þyrftu að hafa gild rök til slíkra aðgerða og beita meðahófsreglunni þannig að ef vægari úrlausnir væru færar þá bæri að nota þær. Samkeppnisyrivöld þyrftu að leggja fram sýnileg sönnunargögn fyrir dómara en hlutverk hans væri að meta sjálfstætt hvort ríkar ástæður væru til að ætla að brot hafi átt sér stað. Benti Gunnar á að í



Gunnar Sturluson hrl.



Þú getur fengið þá á netinu!

www.pmt.is

ALLAR GERÐIR STIMPLA





last miðar & tæki ehf.

Sími: 567-8888 • Fax: 567-8889

Morgunverðarfundur LMFÍ og LÍ:



Framsögumenn fundarins ásamt Gunnari Jónssyni, formanni LMFÍ.

nokkrum húsleitarúrskurðum sem hann hafi skoðað, væru vanhöld á að þetta hefði verið gert. Dæmi væru jafnvel til um að engin gögn hefði legið fyrir önnur en beiðni Samkeppnisstofnunar.

Húsleit – ekki veiðiferð

Gunnar benti á að framkvæmd húsleitar skuli fara að ákvæðum laga um meðferð opinberra mála. Engar starfsreglur samkeppnisstofnunar hefðu hins vegar verið birtar um framkvæmd einstakra atriða, t.d. um það hverjir megi vera viðstaddir leit af hálfu þolanda, um lögmannsaðstoð og meðferð gagna sem ekki er skylt að láta af hendi, t.d. persónulegra gagna. Taldi Gunnar mjög mikilvægt að slíkar reglur yrðu settar fram og að nákvæm skrá væri haldin yfir haldlögð skjöl. Einnig að starfsmenn Samkeppnisstofnunar gættu trúnaðar um það sem þeir yrðu áskynja um. Hann vissi til þess að stofnunin hefði notað utanaðkomandi tölvumenn í húsleit og sjálfsagt væri að slíkir menn væru með staðfestingu þess að þeir störfuðu fyrir Samkeppnisstofnun að málinu. Ef þeir gætu það ekki væri eðlilegt væri að vísa viðkomandi á dyr. Einnig væri nauðsynlegt að lykilstarfsmenn fyrirtækis væru viðstaddir og að haldinn væri fundur með starfsmönnum sem oft á tíðum upplifðu húsleit mjög sterkt. „Starfsmönnum er skylt að afhenda öll skjöl sem varða rannsóknina en

húsleit á engu að síður að beinast að ákveðnu sakarefni en ekki vera veiðiferð“ sagði Gunnar sem benti sérstaklega á að bréfaskipti lögmanns og skjólstæðings hans væru undanþegin haldlagningu þar sem um trúnaðarsamband væri að ræða og það væri viðurkennd regla í ESB löndum.

Umræður

Nokkrar umræður urðu á fundinum og veltu fundarmenn því upp hvort eða með hvaða hætti hægt væri að kæra húsleitarúrskurð og með hvaða hætti hægt væri að leysa ágreining um einstök skjöl. Eiríkur Tómasson taldi það galla að ef húsleitarúrskurður væri kærður þá frestaði það ekki húsleit enda gætu gögn spillst. Hins vegar gætu þolendur fengið bætur. Niðurstaða Eiríks var sú að miðað við núgildandi lög yrðu dómaraar að vera vel á verði og gæta hagsmuna þeirra grunuðu. Hugmyndir um réttargæslumenn án vitundar sakbornings hugnaðist honum ekki því það myndi kalla á falskt réttaröryggi auk þess sem erfitt yrði fyrir lögmennt að taka að sér mál án vitundar eða samráðs við sakborning – og jafnvel án hans vilja. Gunnar tók undir þetta sjónarmið og benti á að þeir sem leit beindist að þyrftu að fylgjast með hvaða gögn væru tekin en menn gætu neitað að afhenda gögn og kallað eftir úrskurði Samkeppnisstofnunar um lögmati haldlagningar.

Bréf til LMFÍ frá forseta Hæstaréttar

Með bréfi yðar 2. maí 2002 var þess farið á leit, að Hæstiréttur tæki til athugunar málskostnaðarákvarðanir réttarins, sérstaklega í tengslum við gjafsóknarmál og þóknun fyrir verjenda- og réttargæslustörf.

Formaður og framkvæmdastjóri félagsins komu á fund minn 5. júlí sl. og gerðu grein fyrir óánægju, sem ríkti meðal félagsmanna með málskostnaðarákvarðanir Hæstaréttar. Töldu þeir, að eðlilegt væri, að lögmenn fengju sanngjarnt endurgjald fyrir vinnu sína, en skilaboðin sem virtust felast í ákvörðunum Hæstaréttar gætu vart verið önnur en að rétturinn teldi lögmenn verja of miklum tíma í hagsmunagæslu. Félagsmenn væru sáttari með ákvarðanir héraðsdómstólanna í samræmi við samræmdar hlutlægar viðmiðunarreglur, sem Dómstólaráð hefur sett fyrir héraðsdómstólana.

Erindi yðar var tekið fyrir á fundi dómenda Hæstaréttar 17. september 2002. Það var samdóma álit dómara, að gott væri að fá ábendingar um það, sem betur mætti fara í starfsemi réttarins, og að mikilvægt væri, að hann gætti

þess að vanmeta ekki þann lágmarkskostnað, sem lögmenn bera við starfa sinn.

Rétt er að taka sérstaklega fram, að það er alger undantekning að lögmenn í opinberum málum sendi inn tímaskýrslu um vinnu sína í þágu málsins. Að því er varðar réttargæslumann tjónþola þá er það hlutverk hans að gæta hagsmuna brotaþola og veita honum aðstoð í málinu, þar á meðal við að setja fram einkaréttarkröfur, sbr. 1. mgr. 44. gr. f laga nr. 19/1991 um meðferð opinberra mála, sbr. 5. mgr. 172. gr. sömu laga. Verður að telja, að störf verjenda sakaðra manna séu að jafnaði mun umfangsmeiri en réttargæslumanna og hlýtur þess að gæta við málskostnaðarákvarðanir.

Það er mjög til bóta við ákvörðun um málskostnað að fyrir liggja vönduð og trúverðug tímaskýrsla, og mun Hæstiréttur líta til slíkra gagna, þegar ákvörðun er tekin.

Um leið og ég þakka bréf yðar leyfi ég mér að vonast til þess, að samstarf lögmanna og Hæstaréttar megi áfram vera traust og árangursríkt.

Guðrún Erlendsdóttir

Tilmæli frá Hæstarétti Íslands

Svo sem lögmönnum er kunnugt, er það meginreglan að dómar Hæstaréttar Íslands séu kveðnir upp í Dómhúsinu á fimmtudögum kl. 16:00 og í kjölfarið birtir á heimasíðu réttarins, að jafnaði 30 mínútum síðar. Mikilvægt er, að lögmenn nái að tilkynna umbjóðendum sínum niðurstöðu réttarins á þeim tíma. Því beinir Hæstiréttur Íslands þeim tilmælum til lögmanna, að þeir verði viðstaddir dómsuppsögu í málum umbjóðenda sinna.

Sigrún Guðmundsdóttir
skrifstofustjóri

LÖGFRÆÐI hefur löngum verið talin heldur lífhaldssamt fag. Þannig á það að vera. Lögjafinn á ekki að reyna að halda í við dægurmálaumræðuna eða ímynda sér að festa þurfi í reglur allt það sem rætt er um á þjóðfundum dægurmálaútvarps og heitra potta. Festa í löggjöf er meira virði en elt-ingaleikur við dægurmál. Lög-
mönnum ber að brýna þetta fyrir lögjafanum þegar tækifæri gefst. Lögmannafélaginu hefur verið falið hlutverk í þessu sambandi, en laga-
nefnd félagsins fær þau lagafrum-
vörp sem mestu eru talin varða til umfjöllunar.

Enda þótt íhaldssemi sé dyggð hjá lögmonnum verða þeir, sem aðrar fræðistéttir, að fylgjast með fræðunum. Síðareglur LMFÍ leggja lögmonnum í raun á herðar skyldu til þess að fylgjast með, lögmaður má ekki að sér verkefni sem hann er ekki fær um að sinna af kunnáttu og fagmennsku. Í síðareglum CCBE er að finna ákvæði þess efnis að lögmonnum beri að fylgjast með þróuninni og því sem efst er á baugi, til þess að geta sinnt skyldu sinni við skjólstæðingana. Aukin sérhæfing eykur á kröfur til þess að lögmenntun haldi þekkingu sinni við.

Sumar fagstéttir leggja á félagsmenn skyldu til endurmenntunar og þekkest jafnvel að slíkt sé boðið með lögum. Án þess að hafa gert á því hávísindalega rannsókn sýnist mér að víðar en ekki í þeim löndum sem við eigum mest sam-
skipti við hvíli endurmenntunarskylda á lög-
mönnum og jafnframt að slík skylda verði æ algengari. Útfærsla endurmenntunarskyldunnar er mismunandi.

Endurmenntunarmál hefur borið á góma hjá stjórn lögmannafélagsins. Allir eru sammála um nauðsyn þess að lögmenntun haldi sér við en eru ekki eins vissir um hvort skylda beri menn til slíks. Sjálfum þætti mér best að menn fyndu hjá sjálfum sér hvöt til þess að halda sér við, umbjodendum sínum til heilla og sjálfum sér til sálhjúlp. Vera kann að sú afstaða sé of róm-

antísk. Kannski eru menn það uppteknir við að fylla upp í kvóta útseljanlegra tíma að þeir hafa ekki tíma til þess að halda kunnáttu sinni við, hvað þá bæta við hana. Það er afleitt ef sú er raunin.



Gunnar Jónsson

hrl.

Samkvæmt samþykktum lögmannafélagsins er tilgangur þess m. a. að stuðla að framþróun réttarins og réttaröryggis. Því ber enn fremur að gæta hagsmuna lögmannastéttarinnar. Þessi markmið eru nátengd. Það er hagsmunum félagsmanna augljóslega til framdráttar að félagið stuðli að framþróun réttarins og réttaröryggis. Þessi markmið eru líka nátengd þeirri skyldu lögmannasamkvæmt síðareglunum, að stuðla að rétti og hrinda órétti. Þessum skyldum verður ekki sinnt með fullnægjandi hætti án þess að lögmenntun haldi sér við í faginu.

Lögmonnum ber að hafa góða samvinnu sín á milli. Góð samvinna eykur líkur á því að lögmenntun ná árangri við það sem þeir fást við, skjólstæðingum sínum og samfélaginu til heilla. Augljóst er að meiri líkur eru á að menn sem þekkjast sæmilega og búa að sameiginlegri reynslu, eins og þeirri að hafa sótt saman námskeið eða fund á vegum lögmannafélagsins, vinni vel saman. Þá á það ekki síður við um lögmenntun en aðra að maður er manns gaman.

Nokkrum dögum áður en þetta er skrifað hélt LMFÍ, í samstarfi við lögfræðingafélagið, morgunverðarfund um húsleitarheimildir hins opinbera. Frummælendur voru Eiríkur Tómasson prófessor og Gunnar Sturluson hrl. Fundurinn fór vel fram og að framsögum loknum urðu nokkrar umræður. Stjórn félagsins var ljóst að fundur um sama efni hafði verið haldinn af Verslunarráði Íslands ekki löngu áður og að framsögumenn voru báðir frummælendur á þeim fundi. Hins vegar var talið að efnið væri það merkilegt að réttlætti boðun þessa fundar og nálgun yrði nokkuð önnur en var á fyrri fundinum, bæði fyrir það að áheyrendahópurinn yrði

annar og vegna þess að öldur hefði nokkuð lægt. Það olli því vonbrigðum að fundarmenn voru innan við 40 og varla nema um helmingur þeirra úr lögmannafélaginu.

Ég hef áður lýst áhyggjum mínum af dræmri fundarsókn félagsmanna. Því er ekki að leynd að staðreyndir um fundarsókn gera erfðara að verjast kröfum um endurmenntunarskyldu. Dræm fundarsókn ber þess ekki merki að lögmenn finni almennt hjá sjálfum sér hvöt til þess að halda sér við. Því er hvorki haldið fram að fræðafundur séu eina leiðin til endurmenntunar né að það eitt að sækja fundi geti nægt til þess að halda sér við. Hins vegar hljóta fræðafundur að vera sjálfsagður og eðlilegur þáttur í því að halda sér við og rækta samband við aðra lögmenn. Ég vil því enn brýna menn til betri fundarsóknar.

Ég óska lögmönnum gleðilegra jóla og farsældar á nýju ári.

Groa@leiti.is

Útungunarstöð eða útgerð?

Lögmannsstofur er misduglegar að sækja sér verkefni en það hefur vakið athygli hvað Lex lögmannsstofa hefur verið iðin undanfarið. Hún hyggst senda tvo heila unglögmenn á Alþingi! Sumir halda því fram að Lex sé orðin ein helsta útungunarstöð fyrir verðandi þingmenn Sjálfstæðisflokksins, jafnvel afkastameiri en Heimdallur, og hyggi á meiri landvinninga í framtíðinni. Jafnvel þannig að ENGINN þingmaður komist að án þess að hafa farið í þjálfun hjá þeim fyrst. Svo eru það aðrir sem halda því fram að verkefnaskortur hrjái stofuna og þeir neyðist til að gera út unga og óharðnaða pílta. Finnstykkuðettaíla?

Gró

BÓNSTÖÐ REYKJAVÍKUR

Umfelgun 3990,-

Jólatilboð!!!

Alþrif með teflonbóni

litill bílar 4900,-

miðlungs 5200,-

station 5400,-



Alþrif og umfelgun 10% afsláttur

Smiðjuvegi 5 • sími: 551 7740

Nýjar viðmiðunarreglur fyrir héraðsdómstólana

Á fundi Dómstólaráðs 19. september s.l., voru samþykkar nýjar viðmiðunarreglur fyrir héraðsdómstólana, þar sem m.a. kemur fram nokkur hækkun á fjárhæð þóknunar til lögmanns fyrir verjenda- og réttargæslustörf. Þessar nýju reglur voru kynntar félagsmönnum með tölvu- pósti og hafa auk þess verið færðar í handbók lögmannna á heimasíðu félagsins. Til frekari áréttingar þykir hins vegar rétt að birta reglurnar hér í Lögmannablaðinu.

VIÐMIÐUNARREGLUR FYRIR HÉRAÐSDÓMSTÓLANA (Sakamála)

I.

Ákvörðun málsvarnarlauna verjanda þegar fram fer sókn og vörn

1. Bóka skal nákvæmlega hvenær þinghald hefst og hvenær því lýkur og miða málsvarnarlaun við þann tíma, þó þannig að brot úr klukkustund telst heil klukkustund.
3. Dómari ætli verjanda tíma fyrir yfirlestur málsins og undirbúning málflytninga og hafi við það í huga eðli sakarefnis og umfangs málsins.
4. Samanlagðir tímar samkvæmt liðum 1 og 2 séu margfaldaðir með 7.800 krónum pr. klukkustund.
5. Málsvarnarlaun séu þó aldrei lægri en 36.000 krónur.
6. Leggi verjandi fram tímaskýrslu skal framangreint haft í huga við mat á réttmæti hennar.

II.

Ákvörðun þóknunar verjanda þegar ekki fer fram sókn og vörn

1. Þessi ákvörðun sé nefnd þóknun en ekki málsvarnarlaun.
3. Fyrir þessi störf séu greiddar 30.000 til 48.000 krónur, sem dómari ákveður í samræmi við þá vinnu sem hann telur verjanda hafa innt af hendi.
4. Sú viðmiðun sé höfð í huga að mæti verjandi vegna einfaldra játaðra brota, t.d. vegna eins brots, aksturs eftir sviptingu eða ölvunaraksturs, séu lægri fjárhæðir ákvarðaðar en sé um mikinn lestur málskjala að ræða fyrir þinghald séu hærri fjárhæðir ákvarðaðar. Þóknun getur þannig farið fram úr framangreindu hámarki, svo og ef verjandi þarf

t.d. að mæta oftast en einu sinni vegna erfiðleika við að ná til ákærða.

III.

Ákvörðun þóknunar verjanda á rannsóknarstigi

1. Þóknun sé greidd samkvæmt réttmætri, sundurliðaðri og tímasettri skýrslu um starf verjanda. Ef líkur eru á að yfirheyrsla hafi staðið í skemmri tíma en í tímaskýrslu greinir er dómara rétt að óska eftir því að fá lögregluskýrslu í hendur eða leita upplýsinga lögreglu um tímallengd. Ennfremur er dómara rétt að krefjast nánari skýringa á útlögðum kostnaði telji hann þess þörf.
3. Lágmarksþóknun sé 23.400 krónur fyrir að mæta við fyrirtöku hjá lögreglu eða dómara. Standi fyrirtaka lengur en í þrjár klukkustundir greiðist hver byrjuð klukkustund fram yfir það með 7.800 krónum. Ekki er greitt aftur fyrir 3 klst. útkall fyrr en að liðnum 12 klst. frá lokum síðustu fyrirtöku í málinu til þeirrar næstu.

IV.

Ákvörðun þóknunar réttargæslumanns brotaþola á rannsóknarstigi og fyrir dómi

1. Þóknun sé greidd samkvæmt réttmætri, sundurliðaðri og tímasettri skýrslu um starf réttargæslumanns. Ef líkur eru á að yfirheyrsla hafi staðið í skemmri tíma en í tímaskýrslu greinir er dómara rétt að óska eftir því að fá lögregluskýrslu í hendur eða leita upplýsinga lögreglu um tímallengd. Ennfremur er dómara rétt að krefjast nánari skýringa á útlögðum kostnaði telji hann þess þörf.
3. Lágmarksþóknun sé 23.400 krónur fyrir að mæta við fyrirtöku hjá lögreglu eða dómara. Standi fyrirtaka lengur en í þrjár klukkustundir greiðist hver byrjuð klukkustund fram yfir það með 7.800 krónum.

V.

Póknun vegna þess tíma sem fer í ferðalög og ferðakostnaður

1. Þegar verjandi eða réttargæslumaður, sbr. liði I – IV, þarf vegna starfa sinna að ferðast lengur en hálf klukkustund skal tekið tillit til þess við ákvörðun þóknunar og málsvarnarlaua.
3. Ennfremur skal, þegar þóknun er ákveðin á rannsóknarstigi, sbr. kafla III og IV, ákveðinn ferðakostnaður í samræmi við reglur ferðakostnaðarnefndar, nú auglýsing 1/2002 um akstursgjald ríkisstarfsmanna. Nauðsynlegar flugferðir ber að greiða samkvæmt reikningi. Þá skulu einnig ákvarðaðir dagpeningar sé skilyrðum til greiðslu þeirra fullnægt, nú auglýsing nr. 2/2002

VI.

Verði almennt breytingar á gjaldskrá lögmannna skulu þær fjárhæðir sem tilgreindar eru í köflum I - IV sæta endurskoðun.

VII.

Greiðslur þóknana til vitna

1. Komi vitni fyrir dóm, sem þarf að fara um nokkuð langan veg til að gefa skýrslu, er rétt að dómari vekji athygli á rétti þess samkvæmt 62. gr. oml., þ.e. að fá greiddan kostnað vegna rækslu vitnaskyldu og þóknun vegna atvinnumissis sem máli skiptir.
3. Rétt er að vitnið fái kostnaðinn greiddan strax eftir skýrslugjöf, liggi fyrir hver hann er. Rétt er að reyna að útbúa reikningseyðublöð sem dómari ritar á þá kostnaðarliði sem hann telur vitnið eiga að fá greidda og staðfestir með undirritun sinni. Vitnið gæti síðan fengið kostnaðinn greiddan hjá gjaldkera dómstólsins.

VIII.

Greiðslur til lögreglumanna sem gefa vitnaskýrslur

1. Samkvæmt bréfi dómsmálaráðuneytisins ber lögreglustjóraembættunum að greiða lögreglumönnum laun fyrir að mæta í dóm til að gefa skýrslu. Dómari ákvarðar því einungis greiðslur til lögreglumanna fyrir útlagðan kostnað, s.s. ferðakostnað.

Gildistaka

Tilkynning þessi gildir frá og með 1. október 2002. Jafnframt fellur úr gildi I. til VIII. kafli tilkynningar Dómstólaráðs nr. 2/2001, dagsett 27. júní 2001.

Groa@leiti.is

Subway

Úr því að ég var komin með lögmönnum þarna um daginn til Nú Jork ákvað ég að fara í subinn með nokkrum stelpum. Við vorum sko með glæpatíðnina þarna á hreinu svo við héldum fast hver í aðra. Í okkar klefa var maður, afróamerískur þið vitið, sem stelpurnar höfðu gætur á því hann sýndi okkur alveg sérstaka athygli. Ég var alveg kúl en þær ekki. Svo kom hann nær og nær, sveif á okkur og spurði á íslensku á hvaða ferðalagi við værum! Meira að segja ég varð kjafstopp. Maðurinn átti auðvitað heima á Ísafirði og var bara að heilsa upp á löndur sínar.

Hef á næs dei, Gróa.



Til hamingju með samninginn!

LMFÍ og Offset ehf hafa gert með sér samning sem felur í sér verulegan afslátt af gildandi verðlista hverju sinni (sjá nánar á heimasíðu LMFÍ).

Skoðaðu málið og fáðu nánari upplýsingar á heimasíðu LMFÍ www.lmfi.is eða hjá Offset í síma **545 0000**

Faxafeni 8
108 Reykjavík
Sími 545 0000
www.offset.is

Málskostnaðarákvarðanir og málskostnaðarkröfur í munnlega fluttum málum

(Grein þessi er að stofni til erindi sem höfundur hélt á námstefnu Dómstólaráðs og Dómarafélags Íslands á Flúðum 5. október 2002.)

EITT AF einkennum réttarríkisins er að tryggja jafnan aðgang að dómskerfinu en það getur verið dýrt að reka mál fyrir dómstólum. Aðgangur hinna efnaminni er meðal annars tryggður með gjafsóknarkerfinu. Stundum er það þó svo að menn eru ekki nógu „efnalitlir“ til að eiga rétt á gjafsókn. Við lögmenn bendum oft skjólstæðingum okkar á að það svari ekki kostnaði að fara í mál því jafnvel þó svo skjólstæðingurinn fái kröfur sínar teknar til greina geti hann setið uppi með málskostnaðinn eða hluta hans. Skýringarnar eru þær að dómari ákveður að fella niður málskostnaðinn eða málskostnaðarfjárhæðin er ákveðin svo lág að skjólstæðingurinn verður sjálfur að greiða lögmanninum það sem á vantar. Þegar svo háttar til að mál hefur unnist en málskostnaður felldur niður, eða dæmdur mjög lágur, þá kemur það í hlut okkar lögmanna að skýra málskostnaðar ákvörðun dómars. Oftar en ekki er ákvörðunin órökstudd í dómsniðurstöðunni. Eini rökstuðningurinn er ef til vill svofelldur: „að teknu tilliti til“, „með hliðsjón af atvikum“, „rétt þykir að hvor aðila beri sinn kostnað af málinu“ o.s.frv. Stundum virðist manni öll orka hafi farið í að rökstyðja dómsniðurstöðuna að öðru leyti og þegar komi að rökstuðningi fyrir ákvörðun málskostnaðar, hafi blekið í pennanum verið á þrotum. Málskostnaðarkrafan er hluti af dómkröfum skjólstæðingsins, hún er ekki krafa lögmansins (að vísu er beinlínis verið að ákvarða þóknun lögmansins í gjafsóknarmálum og opinberum málum). Þessi hluti dómkröfunnar á því rétt á jafnkvæmum rökstuðningi af hálfu dómars og aðrar kröfur málsaðilans.



**Þórunn
Guðmundsdóttir**
hrl.

Lögmenn telja oft á tíðum að dómari hafi ekki skilning á því hversu hár rekstarkostnaður lögmansstofu sé.

Í 130. og 131. gr. einkamálalaga nr. 91/1991 er að finna nokkrar leiðbeiningar fyrir ákvörðun málskostnaðar. Það má flokka þau sjónarmið sem þar er að finna í áhættusjónarmið, refsísjónarmið og svo vafa-, sanngirmis- eða samúðarsjónarmið.

Áhættusjónarmið.

Sá sem tapar máli í öllu verulegu skal að jafnaði dæmdur til að greiða hinum málskostnað, sbr. 1. mgr. 130. gr. Stefnandi skal greiða stefnda málskostnað ef máli er vísað frá dómi eða það fellt niður af annarri ástæðu en

þeirri að stefndi efni þá skyldu sem hann er krafinn um í máli, sbr. 2. mgr. 130. gr.

Í hæstaréttardómi frá 27. ágúst 2001 (í máli nr. 294/2001) háttaði svo til að gerð var dómsátt á milli stefnanda K og stefnda M. Hæstiréttur, sem felldi niður kærúmálskostnað, dæmdi K til að greiða M málskostnað fyrir héraði með svofelldum orðum: „Í þessu ljósi er óhjákvæmilegt að líta svo á að með dómsáttinni hafi sóknaraðili tapað málinu í öllu verulegu. Samkvæmt meginreglu 1. mgr. 130. gr. laga nr. 91/1991 verður því til samræmis að dæma hana til að greiða varnaraðila málskostnað.“

Í hæstaréttardómi frá 13. janúar 1999 (mál nr. 9/1999) hafði máli verið vísað frá héraðsdómi. Dómari felldi málskostnað niður þrátt fyrir skýr

fyrirmæli 2. mgr. 130. gr. eml. um að stefnandi greiði stefnda málskostnað þegar máli er vísað frá. Í dómi Hæstaréttar sagði: „Eins og málið liggur fyrir verða ekki séð rök til þess að víkja frá þeirri aðalreglu 2. mgr. 130. gr. laga nr. 91/1991 að stefnanda máls í héraði verði gert að greiða stefnda málskostnað þegar máli er vísað þaðan frá dómi.“

Svo sem áður sagði kemur það í hlut okkar lög-
manna að útskýra málskostnaðarákvarðanir dómara
fyrir skjólstæðingum okkar. Oft þarf ekki meira en
einfalda lagatiltvitnun til að auðvelda okkur það
verk.

Refsisjónarmið.

Í 1. mgr. 131. gr. laga nr. 91/1991 er fjallað um
svonefnd refsisjónarmið við málskostnaðarákvarð-
anir. Aðili, sem höfðar mál að ástæðulausu, eða
gerist sekur um tilteknar ávirðingar gagnvart gagn-
aðila sínum, skal dæmdur til að greiða gagnaðila
sínum málskostnað án tillits til þess hvernig mál fer
að öðru leyti.

Sem dæmi má nefna hæstaréttardóm nr. 1995/
683. Áfrýjandi varð uppvís að því að halda rang-
lega fram fyrir héraðsdómi að víxill, sem málið
snerist um, væri falsaður. Um ákvörðun málskostna-
ðar segir í hæstaréttardómnum: „*Þegar litið er til
þeirrar háttsemi áfrýjanda, sem hér um ræðir, svo
og þess verulega dráttar, sem hann hefur valdið á
málinu með henni og algerlega tilefnislausri áfrýj-
un sinni, verður stefnda ákveðinn málskostnaður
fyrir Hæstarétti úr hendi hans með tilliti til 2. mgr.
131. gr. laga nr. 91/1991.*“

Í hæstaréttardómi frá 6. desember 2001 (mál nr.
183/2001) krafði H ehf. A um greiðslu þriggja reikn-
inga, dagsetta 3. júlí, 7. júlí og 18. ágúst 1998. A
hafnaði greiðsluskyldu þar sem verk H ehf. væri
uppgert að fullu. Hæstiréttur taldi að fyrsti reikning-
urinn væri tilhæfulaus með öllu og hafnaði að
greiðsluskylda samkvæmt honum væri fyrir hendi.
Að því er snerti síðari tvo reikningana voru þeir taldir
ósanngjarnir og ekki unnt að byggja á þeim, sbr. 5. gr.
þágildandi laga um lausafjárkaup nr. 39/1922. Varð-
andi málskostnaðarákvörðunina sagði í dómnum: „*Í
málinu hefur áfrýjandi uppi kröfum með tilhæfu-
lausum reikningum, sem hann mátti vita að stæðust
ekki. Var stefndi tilneyddur að leggja í kostnað við að
verjast kröfum hans, meðal annars með því að óska
eftir mati dómkvaddra manna. Með vísan til c. liðar
1. mgr. 131. gr. laga nr. 91/1991 um meðferð einka-
mála verður honum gert að greiða stefnda máls-
kostnað í héraði og fyrir Hæstarétti...“*

Vafa-, sanngirniss-, eða samúðarsjónarmið.

Oft er það svo að fullur málskostnaður er ekki
dæmdur þeim sem vinnur mál eða jafnvel að hvor-
ugur verði dæmdur til að greiða hinum máls-
kostnað. Samkvæmt 3. mgr. 130. gr. laga nr.
91/1991 getur þetta því aðeins átt við ef hvorugur
aðilanna vinnur fullan sigur eða verulegur vafi hafi
þá annars verið um aðalniðurstöðu máls. Ég held að
þetta sé eitt af eftirlætisákvæðum dómara þegar
kemur að því að ákveða málskostnað.

Hér má t.d. nefna hæstaréttardóm frá 16. nóvem-
ber 2000 (mál nr. 223/2000). Héraðsdómur felldi
málskostnað niður „*ad virtum öllum atvikum máls-
ins*“ þrátt fyrir að stefnandi hafði unnið málið í öllu
verulegu. „*Eins og ráðið verður af framangreindu
vann áfrýjandi málið fyrir héraðsdómi í öllu veru-
legu, sbr. 1. mgr. 130. gr. laga nr. 91/1991 um með-
ferð einkamála. Vafaatriði í málinu voru ekki slík
að ákvæði 3. mgr. sömu lagagreinar geti hafa átt
við. Voru því ekki efni til annars en að dæma
áfrýjanda málskostnað í héraði.*“

Þetta samúðarsjónarmið má sjá í ýmsum máls-
kostnaðarákvörðunum Hæstaréttar. „Litli“ maður-
inn tapar máli sem hann hefur höfðað gegn ríkinu,
stóra fyrirtækinu eða stóru stofnuninni. Málskostna-
ður er felldur niður. Oft finnst manni að með þessu
séu dómstólarnir að viðurkenna rétt „litla“ manns-
ins til að þess að láta á það reyna fyrir dómstól-
unum hvort hann eigi rétt gagnvart ríkinu eða stóra
fyrirtækinu. Og þessi réttur á að vera „litla“ mann-
inum að skaðlausu að öðru leyti þar sem hann þarf
að greiða lögmanni sínum. Hversu göfugt sem
þetta sjónarmið er þá má ekki gleyma því að það er
ekki sanngjarn gagnvart fyrirtækinu eða hinu opin-
bera. Þótt þetta skipti sennilega ekki alltaf miklu
máli varðandi heildarafkomu ríkissjóðs, eða stóra
fyrirtækisins, þá er þetta ekki sanngjarn.

Svo sem áður sagði þá á sá sem vinnur mál að

Þýðingar og textaráðgjöf

**Löggiltar og almennar þýðingar
á ensku, norðurlandamál,
frönsku, þýsku og rússnesku
(nú þýðendur og túlkar).
Dóm og skýrslutúlkun.**

Ellen Ingvadóttir
Löggiltur dóm túlkur og skjalþýðandi.
Laugavegi 163a - sími: 562-6588
bréfsími: 562-6551 - GSM: 897-2717
netfang: ellening@simnet.is

lögmennt útlista það að dæmdur málskostnaður er ekki laun til þeirra, það er rekstarkostnaður af stofnunni o.s.frv. Um 50-60% af tekjum lögmennsstofa fer í kostnað. Dómstólaráð hefur tekið saman upplýsingar um kostnað dómstólanna af rekstri hvers munnlega flutts einkamáls, sem endar með dómi eða úrskurði. Meðaltalskostnaður dómstólanna af hverju slíku máli er um kr. 300.000 og er þá miðað við kostnað dómstólanna við hvert mál, t.d. rekstarkostnaður og laun dómara. Þá hefur ekki verið reiknaður inn kostnaður aðilanna af málinu, hvað þeir þurfa að greiða sínum lögmönnum, en sá kostnaður getur verið verulegur. Lögmenn telja oft á tíðum að dómara hafi ekki skilning á því hversu háir rekstarkostnaður lögmennsstofu sé. Af einhverjum ástæðum virðist meira vera kvartað undan málskostnaðarákvörðunum Hæstaréttar en málskostnaðarákvörðunum héraðsdómara. Nú hefur dómstólaráð gefið út viðmiðunarreglur héraðsdómstólanna í opinberum málum og er það mjög til fyrirmyndar. Hæstiréttur hefur ekkert slíkt gert. Svo virðist sem héraðsdómara hafi meiri skilning á því að þegar verið er að ákvarða upphæð dæmdu málskostnaðar er ekki verið að ákvarða laun lögmennsins, heldur er verið að tryggja að aðilinn sé skaðlaus af málssókninni.

Það hlýtur reyndar að vera erfitt fyrir dómara að átta sig á því hversu mikla vinnu lögmaðurinn innir af hendi í þágu hvers dómsmáls. Fæstir dómara hafa flutt mál munnlega. Á sama hátt höfum við lögmenn sennilega fæstir hugmynd um það hversu mikill tími fer í hvert mál hjá dómurum. Hvað tekur t.d. langan tíma að semja einn dóm?

Eins og ég nefndi hér í byrjun teljum við lögmenn að oft á tíðum séu málskostnaðarákvarðanir dómara lítt eða ekki rökstuddar. Stundum getum við kennt sjálfum okkur um en það er alltof algengt að lögmenn leggi ekki fram málskostnaðarreikninga og fjalli ekkert um málskostnaðarkröfur skjólstaðinga sinna í málflutningnum. Málskostnaðarkrafan er hluti af kröfu skjólstaðingsins og þá kröfu á að rökstyðja jafn vel og aðrar dómkröfur skjólstaðingsins. Hvort sem málskostnaðarreikningurinn er byggður á hagsmunatengingu eða tíma-galdskrá þá verður að leggja fram skriflegan málskostnaðarreikning og rökstyðja hann.

Þegar þetta hefur verið gert þá fyrst getum við lögmenn gert þá kröfu til dómara að þeir rökstyðji málskostnaðarákvarðanir sínar.

Eins og ég nefndi hér á undan þá kemur það í hlut okkar lögmanna að útskýra niðurstöður dómstóla fyrir skjólstaðingum okkar. Málskostnaðarákvörðun sem ekki er rökstudd getum við ekki útskýrt. Skjólstaðingurinn hefur t.d. unnið málið

að fullu en málskostnaðurinn síðan felldur niður eða dæmdur mjög lágur. Hér má vísa til hæstaréttardóms nr. 2821/1998. Um var að ræða mál sem samkeppnisráð höfðaði gegn Myllunni-Brauði hf., Mjólkursamsölnunni og áfrýjunarnefnd samkeppnismála til að fá ógiltan úrskurð áfrýjunarnefndarinnar, sem felldi úr gildi ákvörðun samkeppnisráðs um að ógilda yfirtöku Myllunnar-Brauðs hf. á Sam-sölubakarí ehf., sem var í eigu Mjólkursamsölnunnar. Öll stefndu kröfðust frávisunar málsins. Héraðsdómur komst að þeirri niðurstöðu að vísa bæri málinu frá dómi og úrskurðaði að samkeppnisráð skyldi greiða Myllunni-Brauð hf. og Mjólkursamsölnunni kr. 200.000 í málskostnað hvorum aðila (áfrýjunarnefnd samkeppnismála gerði ekki málskostnaðarkröfu), sem var síst of mikið í lagt vegna umfangs málsins. Mjólkursamsalan og Myllan Brauð hf., urðu auðvitað að skila greinargerð um bæði efnishlið málsins og formhlið. Málið var síðan flutt um formhliðina fyrir héraðsdómi. Samkeppnisráð kærði frávisunarúrskurð héraðsdóms til Hæstaréttar. Hæstiréttur staðfesti frávisunarúrskurð héraðsdóms, en breytti málskostnaðarákvörðuninni þannig að samkeppnisráði var gert að greiða hvorum varnaaðila kr. 150.000 í málskostnað í héraði og kærúmálskostnað fyrir Hæstarétti. Hæstiréttur lækkaði málskostnaðarákvörðunina með svohljóðandi rökstuðningi: „*Sóknaraðila verður gert að greiða málskostnað í héraði og kærúmálskostnað sem ákveðinn er í einu lagi eins og í dómsorði segir*“.

Ég var fyrir Mjólkursamsölnuna í þessu máli og hvernig átti ég að útskýra þessa ákvörðun fyrir skjólstaðingnum? Ég gat það ekki vegna þess að það var enginn rökstuðningur í hæstaréttardómnum. Þarna var um það að ræða að lægra sett stjórnvald sætti sig ekki við ákvörðun æðra setts stjórnvalds og höfðaði mál á hendur æðra setta stjórnvaldinu og þeim fyrirtækjum sem í hlut áttu, sem urðu að taka til varnar í málinu. Lægra setta stjórnvaldið sætti sig ekki heldur við niðurstöðu héraðsdóms og kærði hana til Hæstaréttar, með tilheyrandi kostnaði fyrir varnaaðila, sem varnaaðilar fengu ekki bæt看.

Að lokum.

Forsenda þess að dómara fari að rökstyðja málskostnaðarákvarðanir sínar betur er að við lögmenn tökum okkur á og rökstyðjum málskostnaðarkröfur skjólstaðinga okkar með framlagningu málskostnaðarreikninga og umfjöllun um þá í málflutningi.

Tveir úrskurðir úrskurðarnefndar

LÖGMANNAFÉLAG ÍSLANDS vekur athygli Lára tveimur nýlegum úrskurðum úrskurðarnefndar lögmanna, þar sem annars vegar er tekist á um skyldu lögmanna til útgáfu reiknings og hins vegar um það hvenær lögmanni er heimilt að krefjast þóknunar umfram tildæmdan málskostnað í gjafsóknarmáli.

Úrskurður í máli nr. 25/2001. Skylda lögmanna til útgáfu reiknings.

Málavextir voru þeir að á árinu 2000 og fram á mitt ár 2001 sinnti lögmaðurinn X ýmsum verkefnum fyrir Y en þau vörðuðu aðallega samninga-umleitanir við lánardrottna Y vegna fjárhagserfíðleika hans, bótakröfu á hendur Tryggingastofnun ríkisins og erindrekstur hjá embætti landlæknis vegna meintra læknamistaka og loks aðstoð vegna fasteignaviðskipta Y, m.a. við að rifta kaupsamningi um íbúð Y.

Þann 24. ágúst 2001 sendi Y símskeyti til X og tilkynnti að hann hefði leitað til annars lögmanna með mál sín. Óskaði Y þess að fá sendan reikning X vegna vinnu hans. Af þessu tilefni ritaði X bréf, dags. 31. ágúst 2001, þar sem fram kom m.a. að vegna óvissu um greiðslugetu Y vildi hann ekki gera honum reikning, eins og farið væri fram á, ef komist yrði hjá því. Hins vegar skyldi ekki standa á því ef Y gæti greitt þá fjárhæð sem X ætlaðist til að yrði að lágmarki kr. 249.000 auk útlagðs kostnaðar að fjárhæð kr. 25.410 en að frádraginni innborgun Y að fjárhæð kr. 40.000, sem hann hafði áður greitt.

Í framhaldi af framangreindu bréfi X leitaði Y til úrskurðarnefndar lögmanna sem komst að þeirri niðurstöðu að þó svo umkrafin þóknun X verði að teljast réttmæt, hafi neitnun hans á útgáfu reiknings fyrir áskildri þóknun verið í andstöðu við 15. gr. síðareglna og taldist því aðfinnsluverð.

Úrskurður í máli nr. 33/2001. Krafa lögmanna um þóknun umfram tildæmdan málskostnað í gjafsóknarmáli.

Málavextir voru þeir að í október 1991 slasaðist A á hendi er hann var við vinnu sína um borð í togara sem gerður var út af Ú hf. Árið 1992 fékk A bætur frá tryggingafélagi útgerðarinnar en hann hafði þá verið metinn til 25% varanlegrar örorku.

Í mars 1995 fór fram nýtt örorkumat en A hafði farið í aðgerð ári áður. A var þá metinn til 30% varanlegrar, læknisfræðilegrar örorku, en varanleg fjárhagsleg örorka var metin á bilinu 25-30%.

Tryggingafélag útgerðarinnar neitaði að greiða A frekari bætur en þær, sem hann hafði fengið á grundvelli örorkumatsins 1992. Var því höfðað mál fyrir Héraðsdómi C gegn útgerðinni og krafist hærri bóta. Útgerðarfélagið var sýknað í héraðsdómi en með dómi Hæstaréttar Íslands, uppkveðnum í maí 2001, var útgerðarfélagið hins vegar dæmt til að greiða A bætur fyrir 5% viðbót-örorku en að teknu tilliti til skattleysis og eingreiðslu, kr. 1.260.000 og kr. 100.300 vegna tapaðra lífeyrisréttinda, auk vaxta og dráttarvaxta.

Uppgjör við tryggingafélag útgerðarfélagins fór fram 1. júní 2001 og nam heildargreiðslan kr. 3.795.771, þ.e. höfuðstóll kr. 1.360.300 og vextir kr. 2.435.471.

Lögmaðurinn B flutti málið fyrir hönd sóknaraðila fyrir báðum dómstigum. Var A veitt gjafsókn í héraði og fyrir Hæstarétti og nam tildæmd málflutningsþóknun B fyrir báðum dómstigum kr. 900.000. Samkvæmt uppgjöri B gagnvart A áskildi hann sér kr. 484.217 auk virðisaukaskatts í málflutningsþóknun til viðbótar tildæmdri þóknun. Þessari kröfu B um viðbótarþóknun vildi A ekki una og sendi því erindi til úrskurðarnefndar lögmanna. Undir rekstri málsins fyrir úrskurðarnefndinni krafði B dómsmálaráðuneytið um viðbótargreiðslu sem samsvaraði útlögðum kostnaði í málinu eða kr. 288.926, með vísun til dómorðs í hæstaréttardóminum. Fallist var á erindi B og var honum greidd umkrafin fjárhæð þann 30. janúar 2002. Síðar fór B fram á frekari greiðslur frá dómsmálaráðuneytinu, í það sinn á fjárhæð er svaraði til virðisaukaskatts á hina tildæmdu málflutningsþóknun. Ráðuneytið afgreiddi erindið í júlí 2002 og fékk B greiddar kr. 213.281 í ágúst.

Í niðurstöðu úrskurðarnefndar lögmanna kemur m.a. fram að um gjafsókn sé fjallað í 20. kafla laga um meðferð einkamála, nr. 91/1991. Samkvæmt 1. mgr. 127. gr. laganna skuldbindi gjafsókn ríkið til að greiða þann málskostnað sem gjafsóknarhafi hefur sjálfur af máli. Gjafsókn megi þó takmarka þannig að hún nái aðeins til tiltekinna þátta málskostnaðar eða geti hæst numið

tiltekinni fjárhæð. Samkvæmt 2. mgr. 127. gr. skuli þóknun umboðsmanns gjafsóknarhafa fyrir flutning máls vera ákveðin í dómi ef hún er ekki undanskilin gjafsókn.

Þá segir í úrskurði nefndarinnar að samkvæmt 1. mgr. 2. gr. laga nr. 61/1942, um málflytjendur, sem lögmannaögin leystu af hólmi 1. janúar 1999, hafi málflytjandalaun fyrir flutning gjafsóknar- og gjafvarnarmála verið ákveðin með dómi í aðalmálinu. Samkvæmt dómi Hæstaréttar Íslands frá árinu 1974, bls. 457, hafi ákvæðið verið túlkað svo að það heimilaði talsmönnum gjafsóknar- og gjafvarnarhafa ekki að áskilja sér hærri þóknun en ákveðin væri í dómi. Í gildandi lögmannaöllum sé ekki að finna sambærilegt ákvæði og fyrrnefnt ákvæði 1. mgr. 2. gr. laga um málflytjendur. Hins vegar feli 2. mgr. 127. gr. laga um meðferð einkamála í sér sams konar fyrirmæli og ákvæði málflytjendalaganna um það hvernig ákveða skuli umboðsmanni gjafsóknarhafa þóknun, þ.e.a.s með dómi. Í athugasemdum með frumvarpi því, sem varð að lögum nr. 91/1991, segi að megintakmörkunina á umfangi gjafsóknar vegna annarra ákvæða 127. gr. sé að finna í 2. mgr. greinarinnar, sem feli í sér að ríkið verði ekki skuldbundið vegna hennar til að greiða þá þóknun, sem málflytjandi gjafsóknarhafa kunni að áskilja sér, heldur aðeins þá fjárhæð málflytningu launa sem dómari ákveði handa honum.

Samkvæmt 1. mgr. 44. gr. laga um meðferð opinberra mála, nr. 19/1991, skuli þóknun skipaðs verjanda ákveðin í dómi eða úrskurði, ef máli lýkur þannig, nema hann hafi afsalað sér þóknun. Í dómi Hæstaréttar Íslands, frá 24. janúar 2002, í hæstaréttarmálinu nr. 331/2001, sé þetta ákvæði túlkað svo að lögmaður verði að una við þóknun, sem ákveðin sé í dómi, nema hann hafi samið um annað við skjólstaðing sinn. Vísi Hæstiréttur í þessu sambandi til fyrrnefnds dóms réttarins frá 1974. Verði af þeirri tilvísun ekki annað ráðið en að Hæstiréttur telji þau sjónarmið, er réðu niðurstöðu í því máli, hafa gildi í dag þrátt fyrir lagaþrengingar frá þeim tíma.

Þá segir að með vísun til framangreindra lagaákvæða og dóma sé það mat úrskurðarnefndar lögmanna að 2. mgr. 127. gr. laga um meðferð einkamála, nr. 91/1991, feli í sér takmörkun á heimild lögmanna til að áskilja sér hærri endurgjald fyrir flutning gjafsóknarmáls en sem nemur tildæmdri málflytningu þóknun, nema viðkomandi lögmaður semji sérstaklega um annað við umþjófanda sinn. Eins og mál þetta sé lagt fyrir nefndina hafi ekki verið sýnt fram á það að B hafi samið á þann hátt við A um hærri endurgjald fyrir

flutning gjafsóknarmálsins í héraði og fyrir Hæstarétti. Var því niðurstaða nefndarinnar að B ætti ekki rétt á hærri málflytningu þóknun en ákveðin var með dómi Hæstaréttar í maí 2001.

Ennfremur segir í úrskurði nefndarinnar að B hafi borið að snúa sér til dómsmálaráðuneytisins vegna uppgjörs tildæmdrar málflytningu þóknunar auk virðisaukaskatts og útlagðs kostnaðar. Honum hafi samkvæmt framangreindu verið óheimilt að skerða dæmdar bætur A, sem innheimtar voru hjá dómþola, í uppgjöri sínu gagnvart A, en við uppgjör til A hélt B eftir alls kr. 602.850 af heildarþóknuninni. B hafi hins vegar greitt A viðbótargreiðslur þær er fengust í dómsmálaráðuneytinu, annars vegar kr. 288.926 og hins vegar kr. 213.281, eða samtals kr. 502.207. Þær kr. 100.643 sem eftir stæðu, bæri B að endurgreiða A.

Groa@leiti.is

Kennsla í hdl.

Hvernig er þetta; þarf ekki að bæta við námskeiðið til öflunar héraðsdómsréttinda með allt þetta nýja nám í lögfræði? Það getur ekki lengur verið nóg að til öflunar starfsréttinda sé krafist endurmenntunar nýútskriðinna lögfræðinga úr lagadeild Háskóla Íslands. Nei, með aukinni samkeppni hlýtur prófanefndin að þurfa að auka kröfur, t.d. um mætingu þátttakenda og krefjast dánarsvottorðs í stað þess að láta sér nægja sjúkravottorð og verkefni ef þeir mæta ekki í tíma, eins og áður hefur verið. Frétti það að heimilislæknar á landinu væru einmitt komnir í sérstaka kjaradeilu, þar sem í samningum við Tryggingastofnun hefði gleymst að gera ráð fyrir sérstöku vottorði fyrir lögfræðinga vegna veikindafjarvista á „hdl.námskeiði“. Síðan hlýtur námskeiðið að lengjast, ekki satt? Það tekur misseri að endurmennta kandiðata úr H.Í. í þeim fræðum sem þar eru kennd. Ólyginn sagði mér að prófanefndin sé að hugsa um að bæta misseri fyrir hvern nýjan háskóla sem útskrifar lögfræðinga. Innan skamms verður það því tveggja ára prósess að fara í gegnum námskeiðið.

Bæ, educating Gróa.

A f Merði lögmanni

„Heimur versnandi fer“ hugsaði Mörður þungur í skapi þegar hann gekk niður tröppurnar á Dómhúsinu við Lækjartorg. Ekki nóg með að dómverðirnir verði að spúla tröppurnar á hverjum morgni og sómakært fólk þori varla að feta sig í gegnum mannþröngina á torginu á kvöldin, þrátt fyrir eftirlitsmyndavélar lögreglunnar, af ótta við einhvern óþjóðalýð, heldur bera þessir ungu lögmennt á gljáburstuðum skóm í pressuðum Armanijakkafötum ekki nokkra virðingu fyrir sér eldri og reyndari lögmönnum. Halda sig getað talað yfir allt og alla, eins og krókódílar: Eintómur kjaftur, engin eyru, bara af því þeir eru með eitthvert diplóma sem þeir hafa vafalaust fengið upp úr kókópuffspakka í einhverjum skóla í Ameríku. Merði var þungt í skapi er hann tók stefnuna upp Bankastrætið. „Þá var það nú betra í gamla daga þegar lögmennt báru respekt hver fyrir öðrum.“

Eða varð það þannig? Hugurinn hvarflaði aftur til þeirra ára þegar hann sjálfur fetaði sín fyrstu spor: Inn í bæjarþingið í Túngötunni og í sakadóminni í Borgartúninu. Upp rifjaðist affera þegar lögmaður heimtaði að þinghöld væru handrituð í þingbækur í samræmi við lög en ekki með nýmóðins stenslum eða kalkipappír. Önnur eftirminnileg var þegar dómariinn ætlaði að henda leiðinlega og freka klíentinum hans út úr dómsal og varð alveg brjál og neitaði svo að víkja sæti og neitaði að taka við kærnu til Hæstaréttar. Nú eða þegar rannsóknar-dómariinn í refsímáli neitaði skjólstæðingi hans sem sat í Síðumúlanum um að hafa samband við Mörð verjanda sinn. Allt þetta mátti samkvæmt Hæstarétti, nema þetta með stensilinn. Aldni lögmaðurinn í því tilfelli varð að setta sig við að nútíminn hefði haldið innreið sína í dómskerfið. Þegar Mörður svo hugsaði betur um það þá voru nú lögmennt ekki mikið skárri hverjir við aðra. Eða lenti hann ekki í því einu sinni að mál var dómtekið á hann þrátt fyrir að hann væri í lögmaetum forföllum frá þingsókn í útlöndum og lögmaður gagnaðila vissi það?

Nei þegar hann hugsaði svolítið betur um þetta þá er það kannski tilfellið að menn séu orðnir settlegri og kurteisari í allri framgöngu og dómskerfið ekki svona ofsalega háð duttlungum geðslags dómara. Ætli heimur sé hreinlega ekki bara batnandi í þessum efnun? (Nema þetta með útmignu tröppurnar og skrílinn á torginu.) Æ þetta er orðið allt ósköp eitthvað kollhúfulegt. Þeir eru orðnir teljandi á fingrum annarrar handar lögmennirnir sem eru almennilegir karakterar sem gustar af. Flestir þessir eftirminnilegu komnir undir græna torfu eða í það minnsta sestir í helgan stein. Merði nánast fataðist gangur upp Laugaveginni í þessum þönkum, vissi vart í hvorn fótinn hann átti næst að stíga. Ætli það sé ekki réttast að nýta sér nýmóðins símagræjuna Géesseminni og athuga hvort mútter blessunin sé ekki með kjötbollur í brúnni í hádegismatinn? Hýrnaði svo hans há við þennan þanka og varð hann allur sporléttari, undir ofhlöðnu jólastkrautinu á Laugaveginum, af tilhlökkun, fullviss um það að sama hvernig allt veltist og snýst þá er sumt alltaf óbreytt á sínum stað, hægt að ganga að því vísu.

Golfmót lögmanna sumarið 2002



GOLFÁHUGI lögmanna fer ört vaxandi og ber ástundun þeirra vott um mikilvægi forgangs-röðunar. Eins og fyrr stóð golfnefnd LMFÍ fyrir nokkrum golfmótum í sumar. Haldið var minningarmót (Guðmundarbikarinn og Óla-Axelsbikarinn), þrjú fjórleikir fóru fram við aðrar starfsstéttir og í lok sumarsins var meistaramót LMFÍ.

I. Guðmundarbikarinn og Óla-Axelsbikarinn

Minningarmót um hæstaréttarlögmennina Guðmund Markússon og Ólaf Axelsson var haldið 21. júní sl. á golfvelli Nesklúbbs Seltjarnarness. Síðastliðin sex ár hafa verið haldin minningarmót um Guðmund Markússon hrl., en þann 14. janúar sl. féll frá annar góður félagi, Ólafur Axelsson hrl. Golfnefndin ákvað að heiðra minningu Ólafs með minningarmóti og var ákveðið að sameina það minningarmóti um Guðmund Markússon hrl. en þeir félagar voru skólabræður og samstúdentar.

Úrslit mótsins urðu þessi:

Í keppni um GUÐMUNDARBIKARINN (án forgjafar):

1. Hjalti Pálmason, ftr. hjá Lögreglustjóranum í Reykjavík, 72 högg.
3. Gísli G. Hall hdl. 80 högg.
4. Þorvaldur Jóhannesson hdl. 84 högg.
Valgarður Sigurðsson hrl. 84 högg.
Þorvaldur hlaut 3ju verðlaun með betra skor á 18. holu.

Í keppni um ÓLA-AXELS BIKARINN (með forgjöf):

1. Hjalti Pálmason, ftr. hjá Lögreglustjóranum í Reykjavík, 37 punktar.
3. Helgi Bragason hdl. 36 punktar.
4. Valgarður Sigurðsson hrl. 34 punktar.

I. Keppnir við aðrar starfsstéttir

Eins og undanfarin ár kepptu lögmenn í fjórleik við lækna, tannlækna og endurskoðendur. Við höfðum alla titlana að verja þetta árið, eins og í fyrra. Í ár gekk titilvörnin ekki vel. Þrátt fyrir að byrja á sigri við tannlækna, sem hafa reynst okkur erfiður ljár í þúfu undanfarin ár, náðum við ekki að fylgja þeim árangri eftir. Við biðum lægri hlut fyrir læknum og endurskoðendum í júlí. Það getur víst allt gerst í golfinu, eins og maðurinn sagði. Nokkuð var um að okkar bestu menn voru vant viðláttnir á keppnisdögnum og getur golfnefndin ekki lagt nægilega áherslu á mikilvægi þess að lögmenn færi keppnisdaga í dagbækur sínar eða forrit og forðist utanaðkomandi truflun eða áreiti hina sömu daga. Allt kapp verður lagt á að heimta titlana að ári.

IV. Meistaramót LMFÍ

Meistaramót lögmanna í golfi var haldið 6. september sl. Aftur var leikið á Leynisvöllinum á Akranesi og aftur var veðrið vont. Líklega verður breyting á öðru hvoru á næsta ári!

Sjóvá-Almennar tryggingar hf. kostuðu mótið með glæsilegu framlagi og að leik loknum bauð það keppendum upp á pottrétt og drykk, auk forláta verðlaunagripa úr gleri. Golfnefnd lögmanna-



Verðlaunahafar á minningar-
móti. F.v. Gísli G. Hall,
Valgarður Sigurðsson, Hjalti
Pálmason, Þorvaldur
Jóhannesson og Helgi
Bragason.

félagsins þakkar Sjóvá-Almennum fyrir stuðning við mótið eins og síðastliðið ár.

Úrslit mótsins urðu þessi:

Næstur holu 3. braut: Baldvin Björn Haraldsson hdl.

Næstur holu 18. braut: Heimir Örn Herbertsson hdl.

Fyrsta sæti án forgjafar: Björgvin Þorsteinsson hrl. 78 högg.

Annað sæti án forgjafar: Heimir Örn Herbertsson hdl. 85 högg.

Þriðja stræti án forgjafar: Baldvin Björn Haraldsson hdl. 85 högg.

Fyrsta sæti með forgjöf: Heimir Örn Herbertsson hdl. 68 högg (netto).

Annað sæti með forgjöf: Baldvin Björn Haraldsson hdl. 76 högg (netto).

Þriðja sæti með forgjöf: Guðni Haraldsson hrl. 76 netto högg (netto).

Með þessu móti lauk golfsumri LMFÍ. Um leið við þökkum fyrir golfsumarið vonumst við til að sjá enn fleiri lögmenn með golfkylfur að ári, auk þess sem ungliðastarfið fer væntanlega að skila sér.


Með kveðju,

Ásgeir Á. Ragnarsson

fh. Golfnefndar Lögmannafélagins

Vinsældir heimasíðu LMFÍ aukast

Heimsóknir á mánuði



—♦ fjöldi heimsókna

Frá því í desember 2001 hefur LMFÍ haft teljara á heimasíðu sinni til að geta fylgst með heimsóknum á hana. Eins og sjá má á meðfylgjandi línuriti hafa vinsældir heimasíðunnar aukist mikið undanfarna mánuði. Í nóvember sl. heimsóttu 3962 gestir 16.000 síður á heimasvæði LMFÍ en þess má geta að 55% síðna sem eru opnaðar

tengjast þjónustuskra lögmanna! Það er því greinilegt að hún er mikið notuð til að finna lögmenn. Í sumar var þjónustuskraín þýdd á ensku og dönsku og til stendur að auka aðgengi hennar á fleiri tungumálum. Einnig er ætlunin að útbúa bækling á nokkrum tungumálum og dreifa í sendiráð, til ræðismanna og fleiri staða. Þeir lögmenn sem enn hafa ekki skráð sig í þjónustuskraína ættu að gera það hið fyrsta því um ódýra og góða kynningu er að ræða sem kostar að meðaltali aðeins um kr. 10.000 á ári.

Krafa nútímans er að stéttir eins og lögmenn og lögfræðingar fylgist náið með nýjungum á starfssviði sínu með því að sækja námskeið.

Menntun er æviverk

FÁAR STÉTTIR sækja eins mikið í endur- og símenntun og lögmenn en í könnun sem LMFÍ gerði fyrr á þessu ári kemur fram að 61% lögmanna hefur sótt lögfræðileg endurmenntunarnámskeið sl. 2 ár. Á fjórða hundrað lögfræðinga sækja endurmenntunarnámskeið um lögfræðileg efni á ári en auk LMFÍ bjóða Háskólinn í Reykjavík og Endurmenntunarstofnun Háskóla Íslands upp á sérstök námskeið.

Á fáum árum hefur orðið mikil þróun í endur- og símenntun sem ekki sér fyrir endann á. Sá tími er liðin að nemendur útskrifast úr skóla og hafi þar með lokið skólagöngu sinni fyrir lífstíð. Krafa nútímans er að stéttir eins og lögmenn og lögfræðingar fylgist náið með nýjungum á starfssviði sínu með því að sækja námskeið. Lögmenn gera þetta svo sannarlega og jafnvel bæta við sig þekkingu á öðrum sviðum en lögfræði til að gera sig fjölhæfari á vinnumarkaðinum.

Lögmannafélag Íslands hefur reynt að mæta þessari símenntunarþörf í samstarfi við Háskólann í Reykjavík. Sett hefur verið upp sérstakt rekstar- og stjórnunarnám fyrir lögmenn þar sem lögð er áhersla á að efla fjármálakunnáttu, farið í helstu þætti stjórnunar auk lögfræðilegrar heimildaleitar á netinu. Auk þessa er boðið upp á fjölda styttri námskeiða fyrir lögmenn og starfsmenn lögmannsstofa sem beinast öll að því marki að auka starfshæfni og þekkingu.

Kostnaður við endur- og símenntun er mikill en í fyrrnefndri könnun LMFÍ kemur fram að 80% lögmanna sem sækja námskeið fá þau greidd að fullu hjá vinnuveitendum. Rannsóknir hafa einnig sýnt að ávinningur fyrirtækja af símenntun er mikill. Starfsánægja eykst sem þýðir minni starfsmannaveltu og eftirsóttari vinnustað. Símenntun stuðlar að meiri sveigjanleika og sterkari liðsheild innan fyrirtækja. Sveigjanleiki auðveldar svo breytingar í fyrirtækjum, framþróun og nýsköpun. Þannig getur endurmenntun starfsmanna fyrirtækja stuðlað að nauðsynlegri framþróun þeirra, skilað sér í meiri framleiðni sem skilar sér svo í auknum hagnaði fyrirtækjanna.



Eyrún Ingadóttir

Starfsmenn eru farnir að gera kröfur til fyrirtækja um að sinna endur- og símenntun enda vilja þeir viðhalda og auka hæfni sína. Sá skilningur, að menntun sé æviverk, á sífellt meira upp á pallborðið og þau fyrirtæki sem vilja vera framsækin gera sér grein fyrir því.

LMFÍ hefur fyrst og fremst einbeitt sér að námskeiðum fyrir lögmenn og starfsfólk lögmannsstofa. Inn á milli hefur þó verið stungið inn námskeiðum sem eru ekki síður til gamans og skemmtunar og má þar helst nefna

vínsmökkunarnámskeið á síðasta ári. Fræðslunefnd félagsins er um þessar mundir að ákveða hvaða námskeið verða á vorönn og ef félagsmenn hafa einhverjar óskir eru þeir hvattir til að hafa samband við félagið. Lögmannastéttin hefur vissulega verið iðin við að halda menntun sinni við og afla sér nýrrar þekkingar enda eru lögmenn að selja þekkingu sína alla daga. Hver einasti lögmaður, og reyndar lögfræðingur líka, ætti því að hafa fyrir reglu að sækja tvö til þrjú námskeið á ári til að halda sér við.



Tilvalin jólagjöf!

Félagsdeild hefur til sölu nafnspjaldaöskjur og merki LMFÍ.

Verð á merki félagsins

kr. 1.000,-

Verð á nafnspjaldaöskju

kr. 2.000,-

Athugið: Einungis órfáar öskjur eru til. Fyrstur kemur fyrstur fær. Vinsamlegast hafið samband við Eyrúnu, starfsmann félagsdeildar, í síma 568 5620 eða með tölvupósti: eyrun@lmfi.is

Kynferðislegt ofbeldi gegn börnum og réttarkerfið

SAMTÖKIN BARNAHEILL hafa tekið þátt í samstarfsverkefni Save the Children samtaka í Evrópu sem kallað hefur verið „Kynferðislegt ofbeldi gegn börnum og réttarkerfið.“ Verkefnið var unnið með fjárframlagi frá Evrópusambandinu. Markmið þess var að svara því hvort og þá hvernig hagsmunir barnsins njóta verndar við meðferð sakamála vegna kynferðisbrota í tíu þátttökulöndum. Verkefnið var síðan afmarkað nánar og beinist rannsóknin einkum að tilhögun skýrslutöku og læknisrannsókna í slíkum málum. Hverju þátttökulandi var ætlað að gera grein fyrir þeim reglum sem þar giltu og hvort framkvæmd þeirra væri í samræmi við ramma sem markaður hafði verið í samráði við svokallaðan aðalrannsakanda. Hann var ráðinn til þess að móta umgjörð verkefnisins og skrifa heildarskýrslu á grundvelli upplýsinga þátttökulandanna. Með því að safna saman slíkum upplýsingum og reynslu af framkvæmd þeirra þótti skapast tækifæri til þess að draga fram jákvæð dæmi og fyrirmyndir. Um leið væri hægt að læra af mistökum og þannig bæta réttarstöðu barna.

Í skýrslu Íslands er gerð grein fyrir þeim reglum sem gilda hér á landi um skýrslutökur af börnum, framkvæmd þeirra og þeirri umræðu sem átt hefur sér stað um kosti þeirra og galla. Sameiginleg skýrsla þátttökuríkjanna, sem unnin var af Christian Diesen, prófessor í réttarfari við Stokk-hólmsháskóla, var kynnt á ráðstefnu sem haldin var í Kaupmannahöfn dagana 22. og 23. október 2002. Niðurstaða þeirrar skýrslu var í stuttu máli sú að ekkert þátttökuríkjanna taki á þessum málum á viðunandi hátt.

Í niðurstöðukafla heildar-



**Margrét Vala
Kristjánsdóttir**

hdl.

skýrslunnar var lögð sérstök áhersla á að fjöldi skýrslutaka af hverju barni sé haldið í lágmarki og að barninu sé ekki gert að segja sömu söguna tvisvar. Skýrslutöku ætti því aðeins að endurtaka í þeim tilgangi að ná fram frekari upplýsingum. Í skýrslunni er einnig lögð áhersla á að allar skýrslutökur af barni séu framkvæmdar af sama aðila, að þeir sem annast yfirheyrslu hafi þekkingu á hegðun barna sem orðið hafa fyrir áfalli, sérþekkingu og þjálfun í yfirheyrslu á börnum og að barnið eigi rétt á bestu mögulegri aðstoð á öllum stigum málsins. Þá er einnig bent á að nauðsynlegt sé

að tryggja samhæfingu starfa og kerfisbundna samvinnu hinna ólíku starfsstétta sem að þessum málum koma.

Eins og áður segir var það eitt helsta markmið verkefnisins að draga fram það sem ber að varast í þessum efnum annars vegar og fyrirmyndir hins vegar. Í heildarskýrslunni er tekið fram að líta megi til Barnahúss á Íslandi sem fyrirmyndar um hvernig tryggja megi samhæfingu starfa og kerfisbundna samvinnu þeirra sem að þessum málum koma. Sú hugmyndafræði sem liggur að baki Barnahúsi og sú starfsemi sem þar fer fram vakti mikla athygli á ráðstefnunni í Kaupmannahöfn.

Verkefninu var síðan fylgt eftir með málþingi Barnaheilla, 26. nóvember 2002, þar sem fjallað var um meðferð þessara mála af hálfu þeirra sem að framkvæmd þeirra koma hér á landi. Er það mat höfundar þessa pistils, sem tók saman skýrslu Íslands í verkefninu, að þar hafi skapast nýr umræðugrundvöllur allra hlutaðeigandi um hvernig þeir geta með sameiginlegu átaki tryggt betur réttarstöðu barna hér á landi sem þolenda kynferðisafbrotu.

Sú hugmyndafræði sem liggur að baki Barnahúsi og sú starfsemi sem þar fer fram vakti mikla athygli á ráðstefnunni í Kaupmannahöfn.

Upplýsingaréttur alþingismanna

UPPLÝSINGARÉTTUR alþingismanna sækir stoð í 54. gr. stjórnarskrárinnar. Samkvæmt henni er alþingismönnum heimilt, með leyfi Alþingis, að óska upplýsinga ráðherra eða svars um opinbert málefni með því að bera fram fyrirspurn um málið eða óska eftir skýrslu. Réttur þingmanna er samkvæmt þessu tvíþættur, þ.e. fyrirspurnaréttur og réttur til að óska eftir skýrslu. Leyfi Alþingis er áskilið um hvoru tveggja. Efnisatriði 54. gr. eru síðan nánar útfærð í þingsköpum Alþingis.

Fullyrða má að inntak þessa réttar hafi verið nokkuð á reiki á liðnum árum. Eftir gildistöku upplýsingalaga 1997 hafa vaknað spurningar um hvort og þá að hvaða marki unnt sé að skýra stjórnarskrárvarinn upplýsingarétt alþingismanna með hliðsjón af meginreglum laganna. Á 127. löggjafarþingi 2001-2002 komu upp mál þar sem tekist var á um að hvaða marki ráðherra væri skylt að svara fyrirspurnum. Hér á eftir verður fjallað um eitt slíkt tilvik og lýktir þess og dregnar ályktanir af því um inntak réttarins.

Fyrirspurn til ráðherra.

Með fyrirspurn til landbúnaðarráðherra óskaði þingmaður upplýsinga um hvaða ríkisjarðir hefðu verið seldar á undanförunum fimm árum, hverjum þær voru seldar og á hvaða verði. Ráðherra hafnaði því að upplýsa um kaupverð jarðanna sem og kaupverð þeirra og vísaði til 5. gr. upplýsingalaga og niðurstaðna úrskurðarnefndar um upplýsingamál. Með 5. gr. upplýsingalaga var lögfest sú meginregla að óheimilt sé að veita aðgang að upplýsingum sem varða einka- og fjárhagsmálefni einstaklinga sem sanngjarnt þykir og eðlilegt að leynt fari. Svar landbúnaðarráðherra sætti harðri gagnrýni í þingsal. Umræðunni lauk með því að ráðherra tilkynnti að hann hefði leitað álits forsætisráðherra á því að hve miklu leyti lög leyfa að hinar umdeildu upplýsingar séu veittar Alþingi.

Aður en vikið verður að áliti forsætisráðherra er nauðsynlegt að taka fram að hann hefur ekki



**Ágúst Geir
Ágústsson**

lögfræðingur á
nefndasviði Alþingis

úrskurðarvald um skyldu ráðherra til að svara fyrirspurnum á Alþingi né heldur er gert ráð fyrir slíkri álitsgjöf í þingsköpum eða öðrum lögum. Forsætisráðuneytið fer hins vegar með framkvæmd upplýsingalaga og má ætla að sérþekking á því sviði sé þar mest innan stjórnsýslunnar. Álit forsætisráðherra er því ágætt innlegg í umræðuna.

Álit forsætisráðherra.

Álit forsætisráðherra var birt 15. janúar 2002 og verður að teljast athyglisvert fyrir margra hluta sakir.

Ráðherrann árettar að réttur Alþingis skv. 54. gr. stjórnarskrár sé bundinn við upplýsingar um opinber málefni en bætir því við að upplýsingarétturinn byggist á þeim áhrifum sem þinginu er, skv. 1. gr. stjórnarskrárinnar og þingræðisvenjunni, ætlað að hafa á stjórn landsins. Með öðrum orðum lítur forsætisráðherra svo á að upplýsingaréttur alþingismanna takmarkist við þau opinberu málefni sem þinginu er ætlað að hafa áhrif á. Það hefur leikið vafi á hvernig skilgreina bæri „opinber málefni“ í skilningi 54. gr. stjórnarskrárinnar. Með þessari lagatúlkun er inntak hugtaksins afmarkað með ákveðnum hætti. Þannig kemst ráðherrann að þeirri niðurstöðu, með hliðsjón af fjárstjórnarvaldi þingsins og eftirlitsskyldu þess við framkvæmd fjárlaga sem og endurskoðunarhlutverki þess á fjárreiðum ríkisins, að sala ríkisjarða sé opinbert málefni sem upplýsingaréttur Alþingis nái til að því marki sem aðrir, og þá ríkari hagsmunir, standi því ekki í vegi.

Af þessu má hins vegar leiða að til séu hagsmunir, ríkari en hagsmunir Alþingis, sem geti komið í veg fyrir að þingið fái upplýsingar um opinbert málefni sem því er ætlað að hafa áhrif á. En í hverju geta slíkir hagsmunir verið fólgirnir?

Í álitinu er tekið undir með landbúnaðarráðherra að takmörkunar- og undanþáguákvæði upplýsingalaga geti veitt mikilvæga leiðbeiningu um hvaða hagsmuni sé viðurkennt að almennt beri að vernda fyrir aðgangi óviðkomandi. Sá eðlismunur

er þó á upplýsingarétti almennings og stjórnarskrárbundnum upplýsingarétti alþingismanna, að mati forsætisráðherra, að almenningur á rétt á upplýsingum skv. upplýsingalögum án tillits til hagsmuna þess er upplýsinganna beiðist en upplýsingaréttur Alþingis tekur mið af hlutverki þess og tilgangi. Með öðrum orðum verður upplýsingaréttur þingins ekki virkur nema það eigi hagsmuna að gæta. Með sama hætti og aðili máls innan stjórnýslunar á ríkari rétt til upplýsinga en almenningur getur Alþingi átt ríkari rétt til upplýsinga ef þær snerta stjórnarskrárbundið hlutverk þess. Í samræmi við þetta telur forsætisráðherra að þótt hafa megi þau sjónarmið, sem takmörkunar- og undanþáguákvæði upplýsingalaga byggjast á, til leiðbeiningar sé stjórnvöldum skylt að meta það sjálfstætt hvort unnt sé að veita Alþingi umbeðnar upplýsingar þótt ljóst þyki að takmörkunarákvæði upplýsingalaga mundu að öðru jöfnu eiga við. Við framangreint mat verði einkum að horfa til þess hvort þagnarskylda hvíli á mönnum gagnvart upplýsingunum lögum samkvæmt. Í þessu samhengi er rétt að ítreka að upplýsingaréttur Alþingis er jafnframt eðlisólíkur upplýsingarétti almennings að því leyti að upplýsingalögin veita einungis rétt til aðgangs að gögnum en 54. gr. stjórnarskrárinnar veitir rétt til að óska tiltekinna upplýsinga um opinber málefni. Á þessu tvennu er grundvallarmunur.

Í framhaldi af þessu kannaði forsætisráðherra hvort eitthvað stæði í vegi fyrir að upplýsingar um kaupendur og kaupverð ríkisjarða væru látnar í té. Komst hann að þeirri niðurstöðu að takmörkunar- og undanþáguákvæði upplýsingalaga ættu við og því ljóst að aðgangur almennings væri óheimill. Skylt væri hins vegar, með tilliti til eftirlitsskyldu Alþingis með meðferð fjármuna ríkisins, að upplýsa þingið um kaupverð einstakra jarða. Nöfn kaupenda taldi forsætisráðherra að gætu ekki haft neina þýðingu við framkvæmd þessa eftirlits, nema fleira kæmi til, og því væru upplýsingarnar um þau undanþegnar upplýsingarétti alþingismanna.

Niðurstaða forsætisráðherra er athyglisverð. Samkvæmt henni geta ráðherrar ekki vikið sér undan að veita upplýsingar, sem óskað hefur verið eftir með skýrslubeiðni eða fyrirspurn á Alþingi, eingöngu á þeim grundvelli að takmörkunar- og undanþágu-

ákvæði upplýsingalaga eigi við heldur verða þeir að meta hvort raunveruleg þörf sé á því að halda upplýsingunum leyndum með hliðsjón af þeim hagsmunum sem uppi eru.

Opinber málefni? – Afmörkun upplýsingaréttar alþingismanna.

Afmörkun upplýsingaréttarins með þeim hætti, sem forsætisráðherra setur fram, er þó umdeilaleg. Í 54. gr. stjórnarskrárinnar segir að þingmenn hafi rétt til að krefjast upplýsinga um opinber málefni án þess að nokkrar frekari takmarkanir séu þar nefndar.

Sú fræðilega aðferð, sem beitt er í álitni forsætisráðherra til að komast að niðurstöðu, gefur þó góða raun í þessu tiltekna máli, þótt deila megi um þá niðurstöðu að nöfn kaupenda ríkisjarða falli utan upplýsingaréttar alþingismanna, nema fleira komi til eins og þar segir. Í hinu umdeilda máli er auðvelt að rökstyðja og sýna fram á stjórnarskrárbundið hlutverk löggjafans sem vissulega hlýtur að veita Alþingi rúman rétt til upplýsinga. Á hitt ber að líta að hlutverk Alþingis samkvæmt stjórnarskrá, og ekki síst þingræðisvenjunni, er víðtækt og má raunar segja að fá „opinber málefni“ séu Alþingi Íslendinga með öllu óviðkomandi. Slíkt hlutverk Alþingis verður þó tæplega rakið og rökstutt með tilvísunum til laga og stjórnarskrár á öllum opinberum málefnaviðum. Það getur því falist í því óeðlileg takmörkun á upplýsingarétti alþingismanna að binda hann við þau málefni sem unnt er að styðja með lagarökum að sé á hendi Alþingis að fjalla um. Í því getur falist varhuga-verð takmörkun á upplýsingarétti alþingismanna.

Nauðsynlegt er að skilgreina með beinum eða óbeinum hætti hvað teljist „opinber málefni“ í skilningi 54. gr. stjórnarskrárinnar. Slík skilgreining hlýtur að verða víðtæk eðli málsins samkvæmt. Verður því haldið fram hér að öll málefni sem um er fjallað af stjórnvöldum og öðrum sem veitt hefur verið opinbert vald, falli undir þessa skilgreiningu. Þessi víðtæka skilgreining byggist á stöðu Alþingis sem æðstu stofnunar íslenska ríkisins og skýru ákvæði 54. gr. stjórnarskrárinnar. Í þessu felst þó alls ekki að ráðherra sé skylt né heldur heimilt að veita allar upplýsingar um þau málefni sem opinber teljast. Til að

Ákvæði upplýsingalaga veita í raun haldgóða vísbendingu um mörk upplýsingaréttar alþingismanna enda liggur það fyrir að upplýsingar, sem veittar eru alþingismönnum með þinglegum hætti, eru aðgengilegar öllum almenningi.

mynda setur 71. gr. stjórnarskrárinnar um friðhelgi einkalífsins veigamiklar skorður við því hvaða upplýsingar er heimilt að veita. Ákvæði laga veita jafnframt mikilvæga leiðbeiningu um takmörkun réttarins, svo sem ákvæði laga um persónuvernd og meðferð persónuupplýsinga, ákvæði upplýsingalaga og þagnarskylduákvæði laga. Ákvæði upplýsingalaga veita í raun haldgóða vísbendingu um mörk upplýsingaréttar alþingismanna enda liggur það fyrir að upplýsingar, sem veittar eru alþingismönnum með þinglegum hætti, eru aðgengilegar öllum almenningsi. Framhjá því verður þó ekki litið að ákvæði 54. gr. stjórnarskrárinnar, sbr. 46. og 49. gr. þingskapa, er sérákvæði gagnvart ákvæðum upplýsingalaga og veitir sjálfstæðan og í ákveðnum tilvikum víðtækari rétt til upplýsinga, einkum þegar Alþingi hefur stjórnarskrárbundnu eða lögbundnu hlutverki að gegna. Í því máli, sem hér hefur verið gert að umtalsefni, var deilt um upplýsingar á málefnasviði sem telja má skýrt dæmi um svið þar sem upplýsingaréttur alþingismanna teygir sig út fyrir ramma upplýsingalaga í krafti valdheimilda Alþingis samkvæmt stjórnarskrá og lögum. Aðferðafræðin, sem beitt er í áliti

forsætisráðherra til að afmarka upplýsingaréttinn, leiðir raunar til sömu niðurstöðu.

Að lokum.

Með hliðsjón af framangreindu má segja að mat ráðherra á því hvort og að hvaða marki honum sé skylt og heimilt að svara fyrirspurn eða leggja fram skýrslu um tiltekið opinbert málefni geti í flestum tilvikum falist í tvennu. Fyrst er eðlilegt að kannað sé hvort það brjóti í bága við þau sjónarmið sem takmörkunar- og undanþáguákvæði upplýsingalaga eru byggð á að veita upplýsingarnar. Reynist svo ekki ber að sjálfsögðu að veita upplýsingarnar þar sem upplýsingaréttur alþingismanna getur aldrei verið lakari en upplýsingaréttur almennings. Reynist það hins vegar í andstöðu við áðurgreind sjónarmið verður ráðherra að meta það hvort stjórnarskrár- og lögbundnar valdheimildir Alþingis, sem og þingræðisvenjan, geri það að verkum að upplýsingarnar beri engu að síður að veita í krafti hins sjálfstæða upplýsingaréttar alþingismanna. Í samræmi við þetta verður að gera þá kröfu að ráðherrar birti slíkt mat í svari við fyrirspurn eða skýrslubeiðni, einkum þegar upplýsinga er synjað.

Fréttir frá félagsdeild

Námskeið

Undanfarið hefur félagsdeild staðið fyrir námskeiðum í skyndihjálpi, Power-Point, útreikningi á virðisaukaskatti, launaútreikningi og uppgjöri. Að auki hefur Háskólinn í Reykjavík staðið fyrir námskeiði um skipti dánarbúa og boðið upp á nám í rekstri og stjórnun fyrir lögmennt. Á vorönn mun Háskólinn í Reykjavík bjóða upp á eftirfarandi námskeið í samstarfi við LMFÍ: Greiðslustöðvun og nauðasamningar, Höfundaréttur og hugverkasamningar, Evrópuaréttur, Skipti dánarbúa, rekstrarnám fyrir lögfræðinga og lögmennt (fjármál og stjórnun) og fjármálanámskeið fyrir lögfræðinga og lögmennt. Það verður því úr nógu að velja fyrir lögmennt.

Afsláttarsamningar

Félagsdeild hefur nú samið við Offset um 12%



Eyrún Ingadóttir

afslátt af verðum í gildandi verðlista hverju sinni. Til að nýta tæknina sem best geta viðskiptavinir sent Offset efni á netinu, á pdf formi, og fengið það heimsent að prentun lokinni. Fyrirtækið býður viðskiptavinum upp á að fá geisladisk með sérstökum driver (rekli) til að koma í veg fyrir að kostnað vegna nýrrar uppsetningar á word eða excel skjölum. Vísa skal til samningsins við upphaf reikningsviðskipta en lögmönnum er bent á að kynna sér afsláttarkjörin

betur á heimasíðu LMFÍ.

Þjónustuskra og heimasíða

Eins og sést á öðrum stað í blaðinu er þjónustuskra lögmanna í mikilli uppsveiflu. Verið er að skoða með hvaða hætti best sé að markaðssetja hana enn frekar en mikil ánægja ríkir með hve notkun hennar hefur aukist upp á síðkastið.

Námskeið fyrir lögmenn á vorönn

Greiðslustöðvun og nauðasamningar.

Vorönn 2003

Fjallað verður um öll stig greiðslustöðvunar og nauðasamninga, allt frá skilyrðum heimildar til greiðslustöðvunar, réttaráhrifum og lokum greiðslustöðvunar. Einnig verður fjallað um nauðasamninga, almenn ákvæði og réttaráhrif þeirra. Þá verður fjallað um heimild til að leita nauðasamninga og fleira því tengt.

Kennari: Kristinn Bjarnason hrl.
Staður: Háskólinn í Reykjavík
Tími: Janúar 2003. Nánar auglýst síðar. 2 x 3 tímar
Verð: kr. 27.000.-

Skráning fer fram hjá Háskólanum í Reykjavík í síma 510 6200. Allar upplýsingar veitir Þór Clausen.

Höfundaréttur og hugverkasamningar.

Vorönn 2003.

Almenn umfjöllun um höfundarétt. Fjallað um lagaramma sem tengjast höfundarétti og hugverkasamningum og þeim réttindum sem þeim fylgja. Einnig verður fjallað sérstaklega um vernd tölvuforrita og gagnabanka. Skoðuð verða réttindi varðandi Internetið og gagnabanka.

Kennarar: Erla S. Árnadóttir hrl., Ragnar Tómas Árnason hdl. og Tómas Þorvaldsson hdl.
Staður: Háskólinn í Reykjavík
Tími: Vorönn 2003. Nánar auglýst síðar. 3 x 3 tímar
Verð: 29.000.-

Skráning fer fram hjá Háskólanum í Reykjavík í síma 510 6200. Allar upplýsingar veitir Þór Clausen.

Evrópuréttur.

Vorönn 2003.

Almenn umfjöllun um Evrópurétt. Fjallað verður um grunnuppbyggingu réttarkerfis Evrópubandalagsins og þær stofnanir sem Evrópubandalagið samanstendur af. Einnig verður fjallað sérstaklega um fjórfrelsið og fleiri atriði.

Kennari: Einar Páll Tamimi lektor við lagadeild HR og forstöðumaður Evrópuréttarstofnunar HR.

Staður: Háskólinn í Reykjavík
Tími: Vorönn 2003. Nánar auglýst síðar. 2 x 3 tímar
Verð: 27.000.-

Skráning fer fram hjá Háskólanum í Reykjavík í síma 510 6200. Allar upplýsingar veitir Þór Clausen.

Skiptastjórn þrotabúa

Vorönn 2003.

Fjallað verður um ferlið við skipti þrotabúa, allt frá skyldum skiptastjóra til endanlegra skipta og skýrslu skiptastjóra.

Staður: Háskólinn í Reykjavík
Tími: Vorönn 2003. Nánar auglýst síðar. 2 x 3 tímar
Verð: 27.000.-

Skráning fer fram hjá Háskólanum í Reykjavík í síma 510 6200. Allar upplýsingar veitir Þór Clausen.

Rekstrarnám lögfræðinga

Vorönn 2003.

Í fyrri hluta (26 stundir) er lögð áhersla á að efla fjármálakunnáttu nemenda. Farið verður yfir grunnatriði fjármálafræðinnar og fjárhagsbókhalds, fjármálastjórnun, stefnumótun í fjármálastjórnun, gerð fjárhagsáætla, ársreikninga og kennitölur, verðbréf og verðbréfavíðskipti og verðmat fyrirtækja og rekstrarreikninga.

Í seinni hluta (24 stundir) er markmiðið að efla nemendur sem stjórnendur. Farið verður í starfsmannastjórnun, frammistöðustjórnun, hvernig leysa á ágreiningu á vinnustað, samningatækni, tímastjórnun og fundartækni, kynningar- og samskiptahæfni og menningu fyrirtækja og breytingarstjórnun.

Þú ert
stærri
hjá okkur.



Sérhver viðskiptavinur og allt, sem tengist fjármálum hans, hefur meira vægi hjá SPV en hjá stórum fjármálastofnunum. Þjónusta SPV er alhliða og fagleg og byggir á persónulegri þekkingu á óskum og þörfum hvers viðskiptavinar.

Við stöndum þétt við bakið á viðskiptavinum okkar því velgengni þeirra skiptir okkur öllu máli. Styrkur okkar er traust og örugg fjármálaþjónusta sem þú getur nýtt þér til vaxtar.

Verið velkomin í afgreiðslustaði okkar í Borgartúni 18, Hraunbæ 119 og Síðumúla 1, eða fáid upplýsingar í síma 5754100 og á heimasíðu okkar, sem er www.spv.is



spv

Sparisjóður
vélstjóra

www.spv.is